



kjarninn

18. útgáfa – 19. desember – vika 51



HJÁLPA ÖÐRUM AÐ HJÁLPA SÉR


Þróunaraðstoð Íslands
hefur borið árangur

Skapar tækifæri til
mannsæmandi lífs

Jarðhitaskóli SÞ fær
hæst framlög

Efnisyfirlit

18. útgáfa
19. desember 2013
vika 51



FJÖLMIDLAR

Ummælakerfin umdeild á ritstjórn-um víða um heim



HEILBRIGÐISMÁL

Vörn er besta sókn- in þegar kemur að heilbrigðismálum



ARKITEKTÚR

Verðlaunin sem féllu Hörpu í skaut mikil viðurkenning



VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Margrét Tryggvadóttir

Var allt í einu orðin þingkona

SAMFÉLAGSMÁL

„Í fyrsta lagi er til skoðunar hvor eigi að hringja til baka þegar samtal slitnar, í öðru lagi hvort og þá hvenær gestgjafi eignist áfengi sem er afgangur frá gestum eftir heimboð...“

Árni Helgason



TÓNLIST

Nálararnarkið gefur lögunum nýtt líf



MATUR

Tæplega 30 mat- reiðslubækur í hill- unum fyrir jólin



BÆKUR

Meiri bók, meiri bók, meiri bók



ALMANNATENGL

Krísur ársins 2013 gerðar upp



EINU SINNI VAR

Jólaþveðjurnar afar mikilvæg hefð

ÁLIT

„Eru jólin tími þakanna? Það finnst mörgum, bæði ungum og öldnum, ekki síst á þessum tíma þegar liðið er á aðventuna og landsmenn hafa eytt ótal stundum í að hugsa um hvað eigi að gefa þeim sem skipta okkur máli.“

Árni Svanur og Kristín Þórunn




FJÖLMIDLAR

Uppsukurður frekar en niðursukurður



ÁLIT

Raunverulegt val um búsetuform



GALLERÍ

Eldfimt ástand í Úkraínu og þoka á Indlandi

Útgáfa Kjarnans yfir hátíðarnar

Útgáfa Kjarnans 26. desember verður tvöföld, því 19. og 20. útgáfu verður steypt í eina. Þar verða teknar saman fréttir ársins af innlendum og erlendum vettvangi, litið yfir umræðu ársins og horft til nýs árs. Kjarninn kemur í fyrsta sinn út á nýju ári hinn 9. janúar 2014.

k

kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708

kjarninn@kjarninn.is
www.kjarninn.is

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson
Frákvæmdastjóri: Gísli Jóhann Eysteinnsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.

Upplifðu 4G með iPhone 5c

Verð 5.490 kr. á mánuði*

VODAFONE
1000 MÍN
SMS
MB
FYLGIR Í EINN MÁN

Vodafone
Góð samskipti bæta lífið



🍏 iPhone 5c

* Samkvæmt 18 mánaða raðgreiðslusamningi.
Staðgreiðsluverð 89.990 kr.

4G

Skortur á sjálfhverfri afstöðu

Pórður Snær Júlíusson skrifar um Ísland og Evrópusambandið



Það hefur verið ótrúlegt að fylgjast með sumum öngum pólitískrar umræðu undanfarin ár. Hún virðist alltaf taka á sig pólaríserandi myndir þar sem afstaða er mótuð út frá tilfinningu um hvoru liðinu viðkomandi telur sig tilheyra fremur en vel undirbyggðri afstöðu sem tekur mið af aðstæðum hvers og eins. Þetta sést líkast til hvergi betur en þegar rætt er um peningastefnuna sem við kjósum að reka, gjaldmiðil sem styður við hana og hinn hræðilega valkost við þetta allt saman, Evrópusambandið. Samkvæmt könnunum eru 58 prósent landsmanna andsnúin aðild að því.

Ástæðan er að hluta til sú að aðildarumsókn síðustu ríkisstjórnar var vanhugsuð. Hún var þvinguð fram af öðrum stjórnarflokknum sem allsherjarlausn við öllum vandamálum Íslendinga (sem hún er klárlega ekki) án þess að það væri meirihluti fyrir henni innan stjórnar, þings og þjóðar. Við það pólaríseraðist afstaðan til aðildar milli skotgrafa annars stjórnarflokksins og stjórnarandstöðu. Og fylgismanna þeirra. Líkast til hefur ekkert unnið umsókninni jafn mikinn skaða og það ódagot, eins þversagnakennt og það hljómar.

Að sama skapi virðist afleit frammistaða núverandi ríkisstjórnar í utanríkismálum, sem virðist aðallega snúast um tilviljanakennda einangrunarhyggju og vandlætingu gagnvart því að Evrópusambandið vilji ekki borga greiðslur sem stjórnarþingmenn kölluðu mútur fyrir örfáum mánuðum, hafa orðið til þess að stuðningur við aðild hafi aukist um tíu prósentustig frá því að ný ríkisstjórn tók við.

Það að vera alfarið á móti aðild er hins vegar torskilin afstaða þegar málin eru skoðuð á yfirvegaðan hátt út frá sjónarhóli neytandans. Ein helsta röksemd krónuaðdáenda er að íslenskur efnahagur lúti ekki sömu sveiflum og sá evrópski. Því sé nauðsynlegt fyrir okkur að hafa sveigjanleika til að „leyfa krónunni að falla“. Oftast höfum við reyndar ekkert um fallið að segja. Krónunni er nánast eðlislægt að tapa verðgildi sínu. Hún hefur til að mynda fallið í verði gagnvart evru um 75 prósent á tæpum sex árum. Samt er íslenska krónan studd fjármagnshöftum.

Sveigjanleikinn margrómaði er því ekki að skila okkur neinu nema miklu minni kaupmætti. Og höftum sem draga úr samkeppnishæfni okkar. Og viðskiptakjörum sem hafa ekki verið verri síðan 1964.

„Ef venjulegur íslenskur launamaður tekur sjálfhverfa afstöðu gagnvart Evrópusambandsaðild ætti að blasa við að hún er honum hagfelld.“

Önnur mýta er að íslenskur landbúnaður sé með einhverjum hætti þess eðlis að honum verði að viðhalda í núverandi mynd sama hvað það kostar. Tollamúrarnir sem hafa verið smíðaðir í kringum íslenskan landbúnað, og myndu hverfa með aðild, skapa hins vegar kerfi sem gagnast engum nema þröngum sérhagsmunaöflum innan geirans.

Þetta ástand er oft varið með því að íslenskar landbúnaðarvörur hafi yfirburði yfir erlendar, sem séu líkast til smitsjúkar.

Sú röksemdafærsla er reyndar dauð eftir að upp komst að útlenskur kjúklingur er seldur sem íslenskur þegar það hentar og smjórið okkar er stundum drýgt með írsku, án þess að nokkur hafi tekið eftir því. Enda er smjör bara smjör. Þetta er hins vegar ein þeirra ástæðna sem eru fyrir því að matvöruverð er mun hærra hér en í Evrópusambandinu.

Eitt sem fáir virðast rengja, óháð því hvort þeir eru fylgjandi aðild að Evrópusambandinu eða ekki, er að þar er engin verðtrygging neytendalána, verðbólga er mun lægri (0,9 prósent á móti 3,7 prósentum héraendis, eða rúmlega fjórum sinnum lægri) og stýrivextir líka (0,25 prósent á móti sex prósentum, eða 24 sinnum lægri). Því eru þau lánakjör sem Íslendingum bjóðast miklu, miklu, miklu lakari en þau sem bjóðast í Evrópusambandinu.

Enn ein rökin eru þau að í aðild felist slíkt valdaframsal að við slíkt verði ekki unað. En Ísland tekur þegar upp ógurlegt magn tilskipana Evrópusambandsins vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þar sem 78,3 prósent allra vara sem við fluttum út í fyrra fóru inn á þetta svæði verður að teljast harla ólíklegt að við munum segja honum upp. Við getum ekki bara hætt honum og farið að versla við Kínverja og Rússa. Það væri því ágætt að hafa eitthvað að segja um þessar reglugerðir.


Þá standa eftir áhyggjur af sjávarútvegi, atvinnuveginum sem er með rekstarhagnað upp á 80 milljarða króna eftir greiðslu veiðileyfagjalda annað árið í röð, en getur samt ekki greitt krónu meira í sameiginlega sjóði vegna varhuga-verðrar stöðu sinnar. Allar bendir reyndar til þess að þær áhyggjur séu óþarfar. Miðað verði við veiðireynslu og eigendur útgerðar fái að halda áfram að verða ofurríkari.

Ef venjulegur íslenskur launamaður tekur sjálfhverfa afstöðu gagnvart Evrópusambandsaðild ætti að blasa við að hún er honum hagfelld. Meiri kaupmáttur, betri lánakjör, meiri stöðugleiki, lægra verð á nauðsynjavörum, meira úrval, aukin samkeppnishæfni, fleiri styrkir til nýrrar atvinnusköpunar. Þessir hlutir ættu að skipta flesta venjulega Íslendinga mestu máli. Samt eru 58 prósent á móti aðild. Af einhverjum allt öðrum ástæðum.



UM HÖFUNDINN
Þórður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is

GALLERÍ





Miklar breytingar á fjárlagafrumvarpinu

Samkomulag náðist um ýmsa anga fjárlagafrumvarpsins á þriðjudagskvöld. Á meðal þess sem náðist fram á lokasprettinum var desemberuppbót fyrir atvinnulausa og að hætt var við komugjöld á sjúkrahús. Þá voru styrktarsjóðir sem áttu ekki að fá neitt settir aftur inn á fjárlög og sátt varð um að skipa þverpólítíska nefnd um gjaldtöku af nýjum tegundum í sjávarútvegi, svo fátt eitt sé nefnt.

Mynd: Anton Brink






Loftárásir í Aleppo

Sýrlenski stjórnarherinn heldur áfram að mæta uppreisnarmönnum af gríðarlegri hörku á mörgum vígstöðvum í landinu. Herinn gerði loftárás á Maadi-hverfið í Aleppo á þriðjudag sem urðu minnst 13 manns að bana, þar af tveimur börnum. Hverfið er undir stjórn uppreisnarmanna, en Aleppo í norðanverðu landinu er stærsta borg Sýrlands með rúmlega tvær milljónir íbúa.

Mynd: AFP




GEFÐU GÓÐA SKEMMTUN MEÐ GJAFAKORTINU



Gjafakort Smáralindar er tilvalin gjöf handa foreldrum, ömmum, öfum, systkinum, vinum, frændum, frænkum og öllum hinum!



SMÁRALIND



Janúkóvítsj úthrópaður sem svikari

Fjölmargir mótmælendur á Sjálfstæðistorgi í Kænugarði, höfuðborg Úkraínu, héldu á rafrænum kyndlum og síum þegar þeir mótmæltu stjórnvöldum þar í landi og auknum tengslum við Rússland. Viktor Janúkóvítsj, forseti landsins, er sagður hafa fórnað hagsmunum Úkraínu fyrir rússneska hagsmuni og rænt framtíð Úkraínu í Evrópu með því að gera gríðarstóran samning við Rússa um kaup á ríkisskuldabréfum og afslátt á gasi.

Mynd: AFP





Fleiri Evrópuþjóðir senda lið til Afríku

Frakkar sögðu á þriðjudag að fleiri Evrópuþjóðir væru nú að senda hersveitir til Mið-Afríkulýðveldisins, þar sem 1.600 franskir hermenn berjast nú við innlendar vígasveitir sem reyna með blóðsúthellingum að egna saman kristnum og múslimum. Sameinuðu þjóðirnar segja meira en 200.000 manns hafa þurft að flýja átökin.

Mynd: AFP



Snúðu skjánum til
að sjá alla myndina





Óvenjumikið mistur í Indlandi

Þó að indverskar borgir séu ávallt sveipaðar þykku mistri upplifa Indverjar líka þoku. Þessi starfsmaður járnbrautakerfisins í Ahmedabad bar mælitæki yfir teinana í gærmorgun í mikilli þoku. Þokan hefur olli töfum á flugumferð og umferð járnbrauta, auk þess sem umferð bíla var í sérstaklega miklum hnút.

Mynd: AFP



Öfgakennd ummæli hafa mikil áhrif á skoðanir





I september ákvað ritstjórn tímaritsins Popular Science að loka fyrir ummæli við fréttir á vefsíðu sinni. Ástæðan sem gefin var upp var einföld – ummæli gætu verið slæm fyrir vísindi, sérstaklega ef þau væru skrifuð í skjóli nafnleysis. Auðvitað væri það ekki þannig að öll ummæli væru slæm, eða að málefnaleg umræða færi aldrei af stað. Hins vegar gæti lítill hópur eyðilaggt umræðuna og haft óeðlilega mikil áhrif á skoðanir lesenda með öfgakenndum málflutningi. Tilraunir sem hafa verið gerðar á litlum hópum styðja þessa skoðun ritstjórnarinnar.

Popular Science er ekki eini fjölmiðillinn sem efast um að ummælakerfin séu á réttri braut. Norska blaðið Aftenposten hefur staðið framarlega í hópi þeirra sem hvetja lesendur sína til að skrifa ummæli við fréttir. Árið 2008 skrifaði ritstjóri kerfisins grein þar sem hann varði þá ákvörðun að leyfa nafnlaus ummæli við fréttir. Fimm árum seinna hefur hann hins vegar skipt um skoðun og í október lokaði Aftenposten fyrir nafnlaus ummæli. Hérlandis hefur hugtakið „virkur í ummælum“ fengið neikvæða merkingu í hugum margra, sérstaklega eftir beitta gagnrýni í Áramótaskaupi RUV. Spurningin sem við þurfum að velta fyrir okkur er hins vegar sú hvort eitthvað væri unnið með því að loka fyrir ummæli. Væri Ísland betri staður ef almenningur ætti ekki beinan aðgang að umræðunni í gegnum þessi kerfi?

Kostir og gallar við nafnleysi á netinu

Þegar Aftenposten varði þá ákvörðun sína árið 2008 að leyfa nafnlaus ummæli við fréttir var röksemdafærslan kunnugleg. Nafnleysi verndar þann hóp sem ekki getur tjáð sig undir nafni, eða treystir sér ekki til þess af ýmsum ástæðum. Það er þekkt staðreynd að fólk er misviljigt að tjá sig opinberlega og ekki þarf að leita langt aftur í tímann til að finna dæmi um hópa sem voru hreinlega útilokaðir frá umræðunni. Í viðkvæmum málaflokkum, til dæmis kynferðisbrotamálum eða í umfjöllun um sjúkdóma, getur nafnleysi auðveldað fólki að segja frá reynslu sinni.



Ein mikilvægasta ástæðan tengist hins vegar fyrir fram gefnum hugmyndum um þann sem skrifar ummæli við fréttir. Ef viðkomandi er þekktur eru líkur á að skoðanir hans séu alltaf settar í samhengi við persónuna. Stundum gefur það þeim meiri vikt en það getur líka dregið athyglina frá innihaldinu. Á hinum endanum eru svo þeir sem hafa enga formlega þekkingu á því sem rætt er um. Það er auðvelt að afskrifa skoðanir þeirra sem maður telur að hafi hvorki menntun né þekkingu til að ræða um viðkomandi málefni. Nafnleysið neyðir mann til að taka afstöðu til innihaldsins, en ekki þess sem skrifar.

Þannig ætti það að minnsta kosti að vera, en veruleikinn er örlítið flóknari. Arthur Santana, prófessor við Háskólann í Houston, skoðaði níu hundruð ummæli við fréttir af innflytjendamálum hjá stórum bandarískum fjölmiðlum. Þar sem fólk gat skrifað í skjóli nafnleysis mátti flokka rúman helming ummæla sem ókurteisleg (e. uncivilized), en aðeins 29 prósent þar sem fólk þurfti að skrifa undir nafni. Nafnleysið dregur úr hömlum og veitir okkur skjól til gífuryrða um menn og málefni. Rannsóknir hafa einnig sýnt að fólk treystir síður nafnlausum ummælum. Þau eru þannig ólíklegri til að fá okkur til að skipta um skoðun, sérstaklega þegar kemur að siðferðislegum spurningum.

Öfgar hafa hins vegar mikil áhrif

Þrátt fyrir að fólk treysti nafnlausum ummælum síður þýðir það ekki að þau hafi engin áhrif. Öfgakennd ummæli teygja umræðuna og því öfgakenndari sem þau eru, þeim mun meiri áhrif hafa þau. Ef ummælin eru síðan skrifuð undir nafni aukast áhrifin enn. Annar bandarískur prófessor, Dominique Brossard, skipti um 1.200 manns í tvo hópa sem lásu annað hvort kurteisleg eða ókurteisleg ummæli við skáldaða frétt um nanótækni. Dæmi um ókurteisleg ummæli sem annar hópurinn las var „Ef þú skilur ekki kostina við þessa tækni eru hálfviti“. Þessi hópur var mun líklegri til að skipta um skoðun á efni greinarinnar og taka ýktari afstöðu með eða á móti. Þeir sem lásu ummæli þar sem ráðist var á greinar-



NÝHERJI



Bjart er yfir Borgartúni

Kláraðu kaupin í verslun okkar eða á **netverslun.is**



Snúðu spjaldtölvunni til að sjá myndir.

Nýherji / Sími 569 7700 / Borgartúni 37 / netverslun.is

Kláraðu kaupin hér 



„Við hegðum okkur ekki á sama hátt á knattspyrnuleik og í kirkju. Skrifaðar og óskrifadaðar reglur hafa myndast í áráanna rás sem hópurinn fer í flestum tilfellum eftir.“

höfund eða vísindamañninn voru líklegri til að efast um kosti tækninnar.

Ritstjórn Aftenposten segir að nafnleysið hafi ýtt undir öfgar í umræðukerfinu, sem hafi meðal annars haft það í för með sér að ákveðnir hópar taki ekki þátt í umræðunni. Sem dæmi nefnir hún ungt fólk, konur, sérfræðinga og innflytjendur. Þeir sem noti hvað ljótustu orðin í skjóli málfrelsis séu líka yfirleitt þeir sem mótmæli hæst þegar rætt sé um að ritskoða ummælin. Málfrelsi þeirra takmarki þannig í raun málfrelsi annarra.

Af hverju ekki bara að loka þessu?

Þegar rætt er um ummælakerfi á Íslandi heyrst oft að betra sé bara að loka þeim. Þau leiði aldrei til málefnalegrar umræðu heldur skítkasts, leiðinda og jafnvel meiðyrða. Öfga-full umræða er hins vegar engin regla. Við hegðum okkur ekki á sama hátt á knattspyrnuleik og í kirkju. Skrifadaðar og óskrifadaðar reglur hafa myndast í áráanna rás sem hópurinn fer í flestum tilfellum eftir. Netið er hins vegar nýtt og því ekki nema von að reglurnar séu óskýrar og að mörkin séu ekki til staðar.

Eitt besta dæmið um þetta misræmi er uppákoma sem varð á íbúafundi í Grafarvogi í janúar. Jón Gnarr borgarstjóri var ósáttur við orð sem féllu á fundinum og lýsti þeim sem einelti og ofbeldi í sinn garð. Einn fundargesta kallaði borgarfulltrúana hyski, sem varð til þess að hann hlaut mikla gagnrýni og það st opinberlega afsökunar í fréttum RÚV. Í ummælum við fréttir af þessum fundi mátti hins vegar lesa mun ljótari orð um menn. Enginn taldi ástæðu til að biðjast afsökunar á þeim. Það gilda einfaldlega aðrar reglur í samskiptum utan netsins en á því, þótt það þurfi ekki að vera þannig til frambúðar.

Lýðræðið varð ekki til á einum degi

Þegar rætt er um lýðræði og áhrif almennings gleymist oft að það er meira en bara kosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur. Lýðræði snýst líka um það samfélag sem við búum í,



réttindi og skyldur, og þær reglur sem þróast í samskiptum einstaklinga. Vegna tækniþróunar er einfaldara en nokkru sinni fyrr að koma skoðunum sínum á framfæri við stóran hóp og við þurfum að læra á þetta nýja vald í sameiningu. Það er ekkert skrytið að þeir sem aldrei hafa haft rödd vilji nú nota hana til að hrópa á torgum, en það er okkar allra að tryggja að umræðan verði málefnaleg. Ein leið er til dæmis sú að svara ljótustu ummælunum með einfaldri yfirlýsingu um að þar sé gengið of langt. Rannsóknir sýna að ef meirihlutinn samþykkir ekki ákveðna hegðun í umræðukerfum lagar minnihlutinn sig að því. Kurteisi og málefnaleg umræða er einfaldlega hluti af því lýðræðislega lærdómsferli sem við förum nú í gegnum á 21. öldinni.

Að lokum er vert að benda fólki á að netið getur verið óttalegt bull. Þótt hægt sé að finna góðar upplýsingar um nær allt á netinu er ótrúlega mikið af vitleysu þarna úti. Oft er um að ræða grín sem byrjar í litlum hópi, þar sem gefið er í skyn að þekktar persónur hafi sagt eða gert ákveðna hluti. Bandarískir stjórnáamenn og listamenn eru sérstaklega algeng skotmörk. Hér heima má daglega lesa útlistanir fólks á skoðunum annarra og fljótt verður ein fjöður að fimm hænum. Það er ágætis æfing fyrir okkur öll að fara í gegnum það sem við teljum okkur vita um aðra og velta því fyrir okkur hvaðan sú þekking kom. Ef svarið er að þú hafir lesið það á netinu er kannski ástæða til að skoða málið betur.

Nálar snarkið gefur lögnum nýtt líf



TÓNLIST
Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is

Konan mín gaf mér gamlan Lenco-plötuspilara í afmælisgjöf í fyrra. Ég féll strax fyrir vínlyplötunum eftir að hafa tengt spilarann við græjurnar mínar og byrjað að láta þær ganga. Það er eitthvað við það að heyra snarkið í plötunum og um leið tæran og góð hljóm. Sum lög beinlínis lifna við á vínly, verða áheyrilegri en á öðrum formum. Rokk frá sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar nýtur sín á plötunum enda má segja að plötuspilararnir séu eins konar heimavöllur þessarar tónlistarstefnu. Led Zeppelin, Bítlarnir og Pink Floyd koma upp í hugann og Jimi Hendrix einnig.

Ég hef ekki síður verið að hlusta á nýrri tónlist á vínly; hiphopp, indírokk, popp og margt þar á milli, meðal annars íslenska tónlist sem hefur verið gefin út á plötum með metnaðarfullum hætti undanfarin ár. Nokkur lög hafa staðið upp úr og dregið fram það besta við plötuhlustunina. Hér fer Topp 5 listi yfir þau lög sem njóta sín best á vínly.

5

Valdimar – Ég man



Hljómsveitin Valdimar, með Valdimar sjálfan fremstan í flokki, hefur getið sér gott orð fyrir góða tónlist og vandaða. Lög sveitarinnar eru þannig úr garði gerð að hljómur vínlyplötunnar nýtur sín vel. Lagið Ég man er sérstaklega ljúft. Rödd Valdimars er góð í snarkinu, þétt og svöl. Ég skil vel að plötur frá Valdimar fáist í búðum og að útgáfan sé ekki bundin við geisladiska og stafræna útgáfu. Það ætti að vera mikil eftirspurn eftir vínlyplötum frá hljómsveitinni miðað hversu vel lögin hljóma undir nálinni.



Smelltu til að hlusta á lagið á YouTube

4

Cypress Hill – Hits from the Bong



Það má vera að flest lög bandaríska rappteymisins Cypress Hill fjalli um kannabisreykingar og baráttuna í fátækrahverfum bandarískra stórborga. Það breytir þó engu um það að lög þessa bands eru stórkostleg og vönduð. Plötuspilarinn kallar fram það besta í Cypress Hill, ekki aðeins vegna þess að afslappað nálar snarkið fellur vel að taktinum í rappinu heldur ekki síður vegna þess sem fylgir því að njóta þess að hlusta á plötu. Það er að velja fyrir sér textunum, smáatriðunum í rappinu, taktinum sem er undirliggjandi og heildinni sem sungið er um. Lagið Hits from the Bong af meistaraverkinu Black Sunday er sérstaklega notalegt á vínly. Melódían úr hinu klassíska Son of a Preacher er undirliggjandi, sem fellur vel að nálarhljóðinu.



Smelltu til að hlusta á lagið á YouTube

3

Poison – Every Rose Has Its Thorn



Glysbungarokkið er eiginlega fundið upp fyrir vínly. Þar eru nokkur atriði sem skipta miklu máli. Plötuumslögin sjálf eru mikilvæg. Stórar myndir, mikil orka, vöðvastælt fólk, mikil ævintýramenska. Stundum eru plötuumslög glysbungarokksins sjálf eitt það skemmtilegasta við glysbungarokkið. Hljómsveitirnar eru ekki að taka hlutina of alvarlega, lögin eru oftar en ekki ófgadramatísk, mikilfengleg. Klassíska þungarokksballaðan Every Rose Has Its Thorn með Poison er sem og meðal þungarokksballaðan umfjörvað Metal Ballads – hefur þetta allt. Vínlyllinn færir laginu vængi og maður getur leyft sér að brosa út í annað yfir textanum. En öllu gamni fylgir einhver alvara.



Smelltu til að hlusta á lagið á YouTube

2

Megas – Tvær stjörnur



Megas er menningarlegt stórvirki og hefur fyrir löngu komist á þann stall í íslensku menningu sem hann á skilið. Það er að vera einn á eigin stelli, einkum þegar kemur að textum. En lagasmíðarnar eru líka, þegar best lætur, algjörlega framúrskarandi og lögin hans mörg hver tímalaus snilld. Nánast ósnertanlegar perlar. Lagið Tvær stjörnur er eitt hans besta lag, í mínum huga. Fallegt lagt með fallegum texta. Flutningur Megasar, í upphaflegri útgáfu þess, er einnig magnaður. Það kann að vera að stundum sé söngur Megasar ekki alltaf réttu svarið þegar kemur að lagasmíð hans, en oftast nær þó. Þegar Tvær stjörnur ganga hring eftir hring á plötuspilaranum er hverrar sekúndu notið. Ein af perlum íslenskra tónlistar.



Smelltu til að hlusta á lagið á YouTube

1

Neil Young – After the Gold Rush



Hinn tæplega sjötugi kanadíska þjóðlagarokkari Neil Young hefur glatt mig meira en flestir aðrir. Ekki fyrir svo löngu fann ég hina frábæru Live Rust plötu, með Neil Young og sveit hans Crazy Horse. Á plötunni er að finna sextán tónleikaútgáfur af mörgum af bestu lögum Neil Young. Upptökurnar ná að fanga einstaklega vel andrúmsloftið sem myndast á tónleikum með þessum stórkostlega listamanni. Aðdáunaröskur inni á milli og síðan einbeitt grafarþögn þegar hann syngur finustu línurnar með sinni skæru og tæru rödd. Þó að öll lögin séu meira og minna stórkostleg er útgáfan af hinu goðsagnakennda After the Gold Rush mögnuð. Hún hentar líka vel fyrir plötuspilarann; hrá tónleikaútgáfa þar sem hæfileikar Neil Young svífa yfir vötnum.



Smelltu til að hlusta á lagið á YouTube

Styrkir til náms og rannsókna

Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar styrkir námsmenn og rannsóknarverkefni á sviði umhverfis- og orkumála.

Styrkir til efnilegra nemenda í meistara- eða doktorsnámi á sviði umhverfis- eða orkumála.

Styrkir til rannsókna á sviði umhverfis- og orkumála, veittir til að mæta kostnaði vegna vinnu sérfræðinga, þátttöku meistara- og doktorsnema og öðrum útgjöldum.

Umsóknarfrestur er til 9. janúar 2014.

Nánari upplýsingar





Hvað er viðunandi árangur?

Kjarninn greinir hvert þróunar-
aðstoð Íslands rennur og af
hverju hún er yfirhöfuð veitt

Gagnrýni á þróunaraðstoð er ekki ný af nálinni. Hún hefur verið til staðar frá því að byrjað var að veita hana í kjölfar Seinni heimsstyrjaldar. Deilt hefur verið á framkvæmd, tilgang og markmið hennar alveg frá upphafi. Þróunaraðstoð hefur reyndar verið veitt í einni eða annarri mynd alveg frá lokum 19. aldar en það er önnur saga. Samkvæmt nýlegri rannsókn um viðhorf Íslendinga til þróunaraðstoðar telja um 80% aðstoðina skila árangri og vilja að Íslendingar sinni málaflöknum. Um 90% þátttakenda vilja auka framlög til þróunaraðstoðar eða halda þeim óbreyttum. Engu að síður lendir þróunaraðstoð fyrst og verst undir niðurskurðarhnífnum þegar hann fer á loft. Hvað telur þessi stóri hluti Íslendinga sem hlynntur er veitingu þróunaraðstoðar að sé viðunandi árangur af framlögum til málaflöksins?

Ísland kemur illa út í samanburði við nágrannalönd

Það er í raun að bera í bakkafullan lækinn að benda á hversu illa Ísland kemur út úr samanburði við önnur iðnríki, og þá sérstaklega hin Norðurlandarákin. Við erum á pari við þau iðnríki sem veita minnst hlutfall af þjódartekjum sínum til þróunaraðstoðar. Við erum langt undir 0,7% markmiði Sameinuðu þjóðanna og meðaltali ESB-ríkja, sem hefur verið í kringum 0,5% af vergum þjódartekjum. Skiljanlegt er að fyrirvarar séu gerðir við veitingu þróunaraðstoðar og verður hver einstaklingur að gera það upp við sjálfan sig hvort honum finnst réttlætunlegt að opinberu fé sé varið á þennan hátt.

Flestir gera sér hins vegar líkast til ekki grein fyrir því hvað þróunaraðstoð felur í raun og veru í sér. Margir halda að þróunaraðstoð sé bara ein stór millifærsla frá einum ríkissjóði til annars, þar sem spilltir embættismenn ráðstafa honum í vitleysu. Skoðum það aðeins síðar.

Hegðun í sífelldri mótun

Veiting þróunaraðstoðar er norm í alþjóðakerfinu og hefur verið tekið sem sjálfsgöðum hlut. Hegðun ríkja innan málaflöksins er aftur á móti í sífelldri mótun. Ný norm verða til



Mikilvægasta ástæðan fyrir því að vera vel tryggður

Líf- og heilsutryggingar TM miða að því að veita þinni fjölskyldu fjárhagslegt öryggi með því að bæta tjón sem gæti haft áhrif á framtíðarvelferð hennar.

Við gerðum einfalda reiknivél þar sem þú getur séð hversu mikla vernd þú þarft fyrir þig og þína fjölskyldu.



**SJÁÐU HVERSU MIKLA VERND
ÞÚ ÞARFT OG HVAÐ HÚN KOSTAR?**



Tryggingamiðstöðin
Síðumúla 24, 108 Reykjavík

Opíð 8:30 – 16:30
alla virka daga

S: 515 2000
tm@tm.is

„Veiting þróunaraðstoðar byggir á frekar einfaldri siðferðislegri röksemd. Hún er sú að gleyma ekki sínum minnsta bróður, eins og segir í laginu.“

sem segja til um hvernig æskilegast sé að þróunaraðstoð sé veitt. Þar tengist krafan um árangur af þróunaraðstoðinni við hina siðferðislegu spurningu. Er réttlætjanlegt að eyða skattpeningum í þróunaraðstoð sem ber engan árangur?

Það er nauðsynlegt að forgangsraða í ríkisútgjöldum og fólk gerir það með mismunandi hætti. Krafan um árangur er auðvitað skárri og eðlilegri ástæða fyrir því að setja fyrirvara við veitingu þróunaraðstoðar en að einfaldlega tíma því ekki. Neyðin ætti nefnilega að vera öllum ljós. Hún er staðreynd.

Veiting þróunaraðstoðar byggir á frekar einfaldri siðferðislegri röksemd. Hún er sú að gleyma ekki sínum minnsta bróður, eins og segir í laginu. Að mannlífín séu jöfn hvar sem þau finnast í heiminum og að okkur beri í raun skylda til að vernda þau, viti maður þau vera í hættu. Þess vegna er krafan um árangur líka mjög mikilvægur hluti af veitingu þróunaraðstoðar. Þar sem hún er orðin að kerfisbundnu, viðurkenndu ferli í alþjóðakerfinu þarf eitthvað að koma til sem undirstrikar hana sem rökrétta, réttmæta og góða hegðun. Þetta eitthvað er meðal annars árangur.

Tilgangurinn ekki að gera menn eða þjóðir ríkar


Sumir nota skort á árangri sem afsökun fyrir því að binda algjörlega enda á veitingu þróunaraðstoðar. Háskóla- prófessorinn Hannes Hólmsteinn Gissurarson hefur til dæmis haldið því fram að menn (og þjóðir) verði ekki ríkir af því að þeir fái aðstoð, heldur vegna þess að þeir fái tækifæri. Margir gætu litið á það sem aukaatriði en tilgangur þróunaraðstoðar hefur svo sem ekki verið að gera menn (eða þjóðir) ríka. Hann hefur verið sá að létta af þjáningum og neyð þeirra sem verst standa í heiminum og koma þeim á braut sjálfbærni svo að þróunaraðstoð verði vonandi óþörf.

Sumir telja þróunaraðstoð ekki rétta leið að því markmiði. En kannski má vera að þar standi hnífurinn í kúnni eftir allt saman, markmið fylgjenda og andstæðinga fara ekki saman. Þeir fyrrnefndu vilja veita öllum til jafns réttinn til mannsæmandi lífs, hvar í heiminum sem þeir kunna að vera staddir. Hinir síðarnefndu vilja veita öllum til jafns réttinn



Þróun framlags Íslands

til Þróunarsamvinnustofnunar, þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi




* Miðað við fjárlög ársins 2013

** Miðað við fjárlagafrumvarp ársins og niðurskurð fyrir aðra umræðu.


Þróunarsamvinnustofnun

Dreifing framlags á árinu 2012



Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi árið 2012

Skipting þróunarframlags Íslands, utan Þróunarsamvinnustofnunar



„Stefna Íslands hefur hingað til verið að aðstoða allra fátækustu löndin og einblína á geira þar sem íslensk sérþekking og kunnátta kemur að notum.“

til að vera ríkur (vitandi það að samkvæmt kennisetningum þeirrar pólitíkur sem liggur þar að baki verði einhver að tapa eigi annar að græða). Hver ákvarðar síðan hver fær þessi tækifæri sem nauðsynleg eru til þess að verða ríkur? Það er góð spurning því sá sem það ákveður hefur ekki gætt að jafnræði hingað til, sérstaklega ekki milli landsvæða. Auðvitað ættu viðskipti milli ríkja að vera sem opnust og jafnræði að gilda í þeim sem annars staðar.

Tvískinnungurinn við tolla og höft á viðskipti við þróunarlönd stingur nefnilega þegar þróunaraðstoð er haldið á lofti sem síðasta vopni alþjóðasamfélagsins í baráttunni gegn fátækt. Hún er það ekki og hefur ekki gert tilkall til þess að vera það. Það þarf meira að koma til.

Hefur borið árangur

En það breytir því ekki að árangur hefur hlotist af þróunaraðstoð. Fátækt og hungri hefur kannski ekki verið útrýmt en stór skref hafa verið tekin í rétta átt. Líf margra hefur batnað vegna hennar. Það er árangur. Og íslensk stjórnvöld hafa gert sitt besta síðustu ár til að tryggja að þróunaraðstoð skapi einmitt þeim tækifæri til mannsæmandi lífs sem þurfa á því að halda. Það er ekki satt að þróunaraðstoð geri meira ógagn en gagn.

Gífuryrði og upphrópanir um slíkt gefa ekki rétta mynd af raunverulegum afrakstri þróunaraðstoðar Íslands. Alhæfingar eins og að öll þróunaraðstoð geri illt verra gefa skakka mynd af raunveruleikanum. Hvert gjafaríki hefur staðla og viðmið fyrir veitingu þróunaraðstoðar, sem geta verið ólíkir milli ríkja. Þar á meðal er skilgreining á því hvaða útgjöld ríkisins falla undir þróunaraðstoð. Það getur verið misjafnt og byggt á mati á landfræðilega pólitískum ástæðum og aðstæðum, eiginhagsmunum og forsendum í öryggis-, varnar- og efnahagsmálum svo eitthvað sé nefnt.

Nýta íslenska sérþekkingu

Stefna Íslands hefur hingað til verið að aðstoða allra fátækustu löndin og einblína á geira þar sem íslensk sér-

ÞÚSALDARMARKMIÐIN

Í september árið 2000 sameinuðust leiðtogar heims í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York á svokölluðum Þúsaldarfundi og samþykktu Þúsaldaryfirlýsingu samtakanna. Þar var kveðið á um að stuðla ætti að bættum hag mannkyns um allan heim á sviði þróunar, fátæktar, öryggis, friðar, umhverfisverndar, mannréttinda og lýðræðis.

Átta markmið voru skilgreind sem eiga að stuðla að mannsæmandi og sjálfbærri framtíð fyrir alla íbúa heims. Markmiðin eru tímasett og á mælanlegur árangur að nást fyrir árið 2015.

Markmiðin eru að:

1. Eyða fátækt og hungri
2. Tryggja að öll börn njóti grunnskólamenntunar
3. Vinna að jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt kvenna
4. Lækka dánartíðni barna
5. Vinna að bættu heilsufari kvenna
6. Berjast gegn alnæmi, malaríu og öðrum sjúkdómum sem ógna mannkyninu
7. Vinna að sjálfbærri þróun
8. Styrkja hnattræna samvinnu um þróun

þekking og kunnátta kemur að notum. Baráttan gegn fátækt, félagslegu ranglæti, misskiptingu lífsgæða og hungri í heiminum er þungamiðja í stefnu Íslands í málaflöknum og rík áhersla er lögð á mannréttindi, jafnrétti kynjanna, réttindi barna, frið og öryggi. Leitast er við að tryggja innbyrðis samræmi í utanríkisstefnu Íslands með tilliti til hnattrænna efnahags-, umhverfis- og öryggismála.

Aðild Íslands að Sameinuðu þjóðunum er helsti grundvöllur íslenskrar þróunarsamvinnu. Tvíhliða þróunaraðstoð er veitt í gegnum Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) og í fjárlögum ársins 2013 nam sú upphæð 1.794 milljónum, eða tæplega helmingi útgjalda til þróunarmála. Í grein í Fréttablaðinu hinn 12. desember síðastliðinn fullyrta Engilbert Guðmundsson að starfsemi stofnunarinnar hefði skilað árangri og nefndi menntun, sérstaklega stúlkna, í því samhengi. Fjárframlög til stofnunarinnar hefðu jafnframt skilað sér í lestrarkunnáttu fullorðinna, minni mæðra- og barnadauða, betra heilbrigði vegna færri sjúkdóma af völdum lélegs drykkjarvatns, meiri tekjum og betri afkomu fiskimanna-samfélaga og myndu skila sér í auknum aðgangi að rafmagni í fátækum löndum. Þessi afrakstur þróunaraðstoðar íslenskra stjórnvalda skapar aðstæður og grundvöll fyrir aukin tækifæri fólks í þróunarlöndum til bættra lífsgæða. Í marghliða þróunarstoð Íslands endurspeglast þessi sköpun tækifæra fólks til bættra lífsgæða ekki síst.

Mest rennur til jarðhitaskólans

Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna fær hæst framlög af gerendum í marghliða aðstoð Íslands. Skólinn býður framhaldsnemum á sviði jarðhitarannsókna upp á sex mánaða námskeið á ýmsum sviðum sérhæfingar innan geirans ásamt möguleika á áframhaldandi meistaranámi og doktorsnámi. Markmið skólans er að aðstoða þróunarlönd þar sem

möguleiki er á jarðhitavinnslu við að byggja upp sérfræðinga á flestum sviðum jarðhitarannsókna og -þróunar.

Nemendur skólans verða leiðandi sérfræðingar á sviði jarðhitavinnslu og Jarðhitaskólinn hefur mikilvægt hlutverk í nýtingu á orku og allri umræðu og aðgerðum sem snúa að sjálfbærri þróun og skynsamlegri nýtingu auðlinda. Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna byggir á sömu forskrift

og Jarðhitaskólinn. Valdir eru nemendur sem starfa hjá stofnunum sem eru mikilvægar fyrir sjávarútveginn og þróun hans í viðkomandi landi.

Landgræðsla og jafnrétti

Landgræðsluskólinn og Jafnréttisskólinn eru yngri og minni í sniðum en hafa sömu markmið: Að útskrifa leiðandi sérfræðinga á sínu sviði og stuðla að stofnanalegri uppbyggingu og bolmagni innan þessara geira í heimalöndum nemendanna. Hjá skólunum eru ítarlegri markmið en bara fræðsla höfð að leiðarljósi. Áhersla hefur verið lögð á að efla fagmennsku, sem þýðir aukin ábyrgð sem elur af sér meiri skilvirkni. Háskólar Sameinuðu þjóðanna endurspeglar í raun og veru kjarna þróunaraðstoðar, sem er uppbygging þekkingar, kunnáttu og hæfni svo samfélög geti sjálf ýtt sinni þróun úr vör. Það sem meira er þá miða þeir að því að stuðla að skynsamlegri nýtingu auðlinda sem er í fullkomnum





takti við þær áherslur alþjóða-samfélagsins að draga úr skaðlegum umhverfisáhrifum loftlagsbreytinga sem bitna verst á fátækari samfélögum. Hér er ótalin sá ávinningur sem íslenskur sjávarútvegur, jarðhitarannsóknir og -vinnsla og landgræðsla hafa af starfsemi skólanna.

Hvað gerir þróunaraðstoð réttlætana?

Andstæðingar þróunaraðstoðar benda oft á það að árangur af þróunaraðstoð sé ekki nægur til að réttlætana sé að veita hana. En hvaða árangur vilja andstæðingar þróunaraðstoðar sjá að hljótist af íslenskum fram-lögum til málaflokksins? Það er ólíklegt að framlög Íslands ein og sér afgreiði fyrsta Þúsaldar-markmiðið og útrými sára fátækt og hungri á einu bretti. Það væri óskandi, en óraunsað. Það sem hingað til hefur verið gert hefur hins vegar að mörgu leyti borið

árangur sem í hinu stóra samhengi Þúsaldarmarkmiðanna virkar stundum sem hænuskref, en fyrir þá sem njóta ávaxtanna er hreint vatn, fullorðinsfræðsla, bætt heilbrigði og heilsugæsla, jarðhitavinnsla, landgræðsla, bættar fiskveiðar og nýting afla risastórt stökk.

Flottir snjallsímar með kaupaukum



Smelltu hér
til að skoða
jólabláð Símans



Spotify Premium í 1 mánuð og
Netið í símanum í 12 mánuði, allt
að 1 GB x 12, fylgja þessum sínum.



Samsung Galaxy Note 3

4G

Stjarnan á toppi jólatréans.

8.490 kr.

á mánuði í 18 mánuði*

Staðgreitt: 139.900 kr.



GPS 3G

Samsung úr að verðmæti
59.990 kr. fylgir Samsung
Galaxy Note 3.

Samsung Galaxy S4

4G

Uppfærður og enn sprækari.

6.690 kr.

á mánuði í 18 mánuði*

Staðgreitt: 109.900 kr.



GPS 3G



Síminn

*Verðlagðar til 18. nóvember 2014.



Vörn er besta sóknin

Þriðja og síðasta grein í greinaflokki um heilbrigðismál



Níu af hverjum tíu Íslendingum deyja nú úr ósmitnæmum sjúkdómum, og um helmingur þessara dauðsfalla er á áhrifasviði lífsstíls. Dauðsföll segja ekki alla söguna um heilsufarsskaða, og hefur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) því notast við kvarða sem mælir „glötuð góð æviár“ – ár sem lifað er með örorku plús þau ár sem glatast vegna ótímabærs dauða. Í fyrri greinunum tveimur í þessum greinaflokki voru þessum tölum gerð nánari skil, en á Íslandi glatast árlega 68 þúsund „góð æviár“ samkvæmt WHO, og stærstu orsakirnar eru stoðkerfisraskanir, geðraskanir, krabbamein og hjarta- og æðasjúkdómar – í þessari röð.

Ef það kemur einhverjum á óvart að heilsufarsskaðinn sé meiri af völdum stoðkerfisraskana og geðraskana en krabbameina og hjarta- og æðasjúkdóma er kannski líka ástæða til að vera hissa á hvaða áhættuþættir vega þyngst: Þar er nefnilega mataræði í efsta sæti, og þar á eftir ofþyngd, reykingar og háþrýstingur.

Grófa nálgun á heilsufarsskaða þjóðarinnar vegna „glataðra góðra æviára“ má fá með því að margfalda fjölda „glataðra góðra æviára“ með landsframleiðslu á mann, og leiðir sá útreikningur í ljós að 1% árangur í forvörnum mældur í góðum æviárum samsvarar 3,5 milljörðum króna á ári.

Í þessari síðustu grein af þremur er rætt um beinan kostnað í heilbrigðiskerfinu og hvernig hann skiptist milli úrræða, og hann settur í samhengi við opinber útgjöld til forvarna. Þegar öllu er á botninn hvolft er vörn nefnilega besta sóknin þegar ráðast skal að rótum heilsufarsskaða.

Beinn kostnaður í heilbrigðiskerfinu

Heildarkostnaður hins opinbera vegna heilbrigðismála var 66,8 milljarðar króna árið 2012. Af þessu fóru tæpir tveir þriðju hlutar til sjúkrahúsanna og tæpur þriðjungur til heilsugæslunnar, en rúmir fjórir milljarðar annað. Sáralitlar breytingar að raungildi verða á núverandi ári eða á fjárlögum 2014.

Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála segja okkur þó ekki ýkja margt ein og sér, heldur væri gagnlegt að vita hvað við erum að fá fyrir þessa peninga. Til þess er hægt að kafa í fjöldatölur frá Landlæknisembættinu, sem mælir legudaga, göngudeildarkomu, heimsóknir á heilsugæslu og fleiri breytur.

Til að gera kostnaðartölur að einhverju leyti samanburðarhæfar verður hér brugðið á það ráð að brjóta heildarútgjöld á fjárlögum niður í kostnað á hvern legudag, kostnað á hverja dag- eða göngudeildarkomu og kostnað á hverja heimsókn eða símtal á heilsugæslu.

Sjúkrahúsinn

Samkvæmt upplýsingum frá hagdeild fjármálasviðs Landspítala er meðalkostnaður á legudag 138.974 krónur. Komur á

göngu- og dagdeildir eru misdýrar, frá 16.233 krónum á göngudeildir og 33.181 krónu á bráðamóttöku (fyrir þá sem útskrifast heim sama dag), upp í 59.223 krónur á dagrannsóknar- og dagmeðferðardeildir og 132.879 krónur á dag-skurðeildir. Tölurnar gilda fyrir tímabilið janúar til október 2013 og innifela allan kostnað sem fellur til í legu eða komu á deild, en þar er meðtalin meðferðarkostnaður og kostnaður við stoðþjónustu.

Landlæknisembættið hefur tekið saman fjölda legudaga á sjúkrahúsum landsins og voru þeir 252.780 árið 2012 samkvæmt nýutkominni skýrslu „Legur, legudagar og meðallegutími á sjúkrahúsum 2003-2012“. Fjöldi lega var 42.546 og meðallegutími 5,9 dagar. Á sama tíma námu útgjöld til spítala samkvæmt fjárlögum 42,4 milljörðum króna. Ekki eru til alveg nýjar tölur yfir fjölda koma á göngu- og dagdeildir á landsvísi, en þær voru 608 þúsund árið 2009.




Dýrt

Samkvæmt upplýsingum frá hagdeild fjármálasviðs Landspítala er meðalkostnaður á legudag 138.974 krónur.




Kostnaður við ýmis úrræði í heilbrigðiskerfinu

miðað við krónur á hverja komu eða hvern dag



Útgjöld ríkisins til heilbrigðisstarfsemi

Í krónum á hvern landsmann á ári



Heilsugæslan

Landlækniseimbættið hefur sömuleiðis greinargóðar upplýsingar um komufjölda í heilsugæslunni á landinu. Árið 2012 voru skráðar 1.247 þúsund komur á heilsugæslustöðvar landsins auk 1.120 þúsund símtala eða annarra samskipta við skjólstæðinga. Heildarkostnaður við heilsugæsluna var á árinu 2012 20 milljarðar króna samkvæmt fjárlögum.

Sé heildarútgjöldum til heilsugæslunnar samkvæmt fjárlögum einfaldlega deilt með fjölda viðtala samkvæmt ofangreindu fæst kostnaðurinn 8.450 krónur á hvert viðtal í heilsugæslunni. Þetta er auðvitað með nokkurri einföldun, þar sem hluti heilsugæslustarfa reiknast í raun sem forvarnastarf, og hér er heldur ekki tekið komugjald (almennt komugjald er 1.000 krónur).

Með því að setja ofangreindar fjárhæðir upp í töflu eða mynd má sjá hversu hratt kostnaður við úrræðin eykst eftir því sem ofar dregur í heilbrigðiskerfinu.

Forvarnir

Næst skal reynt að festa hendur á heildarútgjöldum hins opinbera til forvarna. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu hagsmála og fjárlaga hjá velferðarráðuneytinu var kostnaður vegna forvarna síðast tekinn saman vegna ársins 2008, þegar hann var 4,14 milljarðar króna. Þar af voru bein framlög 853 milljónir króna en afgangurinn að mestu ákveðið reiknað hlutfall (20,2%, SHA Guidelines) af útgjöldum til heilsugæslunnar, sem miðað er við að geti talist til forvarnahluta starfseminnar.

Hagstofan sundurgreinir einnig útgjöld til heilbrigðismála, og þar á bæ reiknast mönnum svo til að til forvarna hafi runnið 763 milljónir króna árið 2009 en farið jafnt og þétt lækandi niður í 520 milljónir króna á árinu 2012.

Sé miðað við tölur Hagstofunnar fyrir 2012 námu bein útgjöld hins opinbera til forvarna um 1.560 krónum á landsmann á ári. Við þetta bætist hin reiknaða viðmiðun um að 20,2% af kostnaði við starfsemi heilsugæslunnar í landinu megi reikna sem forvarnir, eða 12.625 krónur á mann á ári.

Engu að síður er ljóst að tiltölulega lág fjárhæð fer til



Skortur á forvörnum

Helstu áhættuþættir stoðkerfiskana eru starfstengd áhætta og ofþyngd, sem bæði eru fyrirtaks verkefni fyrir skipulagt forvarnastarf.

beinna forvarna áður en til kasta heilsugæslunnar kemur, og hér getum við og þurfum að gera miklu betur.

Auka þarf áherslu á forvarnir

Samkvæmt starfsemisupplýsingum Landspítala 2012 stafa flestar innlagnir af stoðkerfiskunum, að fæðingum fráttöldum. Stoðkerfiskarnir eru líka stærsti einstaki þátturinn í heilsufarsskaða þjóðarinnar mælt í glötuðum góðum æviárum að hætti WHO, eins og áður var getið. Helstu áhættuþættir stoðkerfiskana eru starfstengd áhætta og ofþyngd – hvort tveggja fyrirtaks verkefni fyrir skipulagt forvarnastarf.

Næst í röðinni koma innlagnir vegna sjúkdóma í blóðrásarkerfi. Fjöldi rannsókna styður forvarnir með lífsstílsbreytingum gegn þessum sjúkdómum. Sem dæmi má nefna að í nýrri grein í British Medical Journal (BMJ 2013;347:f5577) tóku greinarhöfundar saman niðurstöður



úr mörgum fyrri rannsóknum og komust að þeirri niðurstöðu að hreyfing skilaði í mörgum tilfellum sambærilegum árangri og lyfjameðferð gegn hjarta- og æðasjúkdómum og sem forvörn gegn áunninni sykursýki. Frábær rökstuðningur fyrir forvörnum með hreyfingu.

Í þriðja sæti eru innlagnir vegna geðraskana. Í fyrri greinum kom einnig fram að áfengis- og vímuefnanotkun væru aðalorsakir ára lifað með örorku – sömuleiðis tilvalið til forvarnastarfs.

Í nýlegri grein í Læknablaðinu eftir Vilmund Guðnason og Karl Andersen kemur fram að 70-80% kostnaðar í heilbrigðiskerfinu komi til vegna lífsstílssjúkdóma meðan aðeins 1,6% útgjaldanna renni til forvarna, en útgjöld til forvarna nema að meðaltali 3% í Evrópu. Sé miðað við heildarútgjöld á fjárlögum og tölur Hagstofu um forvarnir er þetta hlutfall enn lægra, eða 0,8%. Í heild eyðum við undir meðaltali OECD í heilbrigðisþjónustu, eða 9% af vergri landsframleiðslu. Afar fá lönd sem við alla jafna kjósum að bera okkur saman við eyða minna í málaflokkinn.

Það er sama hvernig litið er á málið: Eina leiðin til að koma í veg fyrir nýliðun í dýrari úrræði í heilbrigðiskerfinu, örorku og ótímabæran dauða er að vinna ötullega í forvörnum á neðri stigum. Við höfum líklega náð nálægt þeim hámarksárangri sem unnt er að ná með viðbragðsdrifinni nálgun – að bregðast við vanda. Til að ná lengra þurfum við að vinna með forvirkum hætti – að koma í veg fyrir vandan.

VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Margrét Tryggvadóttir bókmenntafræðingur

Fór stystu leið á þing sem hægt er að fara

Margrét Tryggvadóttir var algjörlega óþekkt þegar hún varð skyndilega þingmaður fyrir Borgarahreyfinguna eftir kosningarnar 2009. Kjörtímabilið sem hún sat á Alþingi í kjölfarið var líkast til eitt það sögulegasta, og án nokkurs vafa það róstusamasta, sem liðið hefur.

Hún segir að í Borgarahreyfingunni, sem síðar klofnaði meðal annars í Hreyfinguna, áður en brotin sameinuðust að lokum, með öðrum og án sumra, í Dögun fyrir síðustu kosningar, hafi reiðasta fólk á Íslandi sameinast. „Það var ótrúlegt að taka þátt í þessu. Ég datt eiginlega inn í þetta framboð af götunni nokkrum vikum fyrir kosningarnar 2009. Ég tók ekki þátt í undirbúningsstarfinu, heldur skráði mig til þátttöku á netinu og mætti síðan á einn fund. Ég þekkti heldur engan á fundinum. Kannaðist ekki einu sinni við neinn. Mér og öðrum sem mættum þarna var síðan rétt blað og við vorum beðin um að skrifa í hvaða sæti við gætum hugsað okkur að setjast. Ég var sjálfstætt starfandi og hugsaði að ég gæti alveg tekið einhverjar þrjár vikur og lagt þessari baráttu lið. Upphaflega ætlaði ég að sækjast eftir öðru til fimmta sæti, sem hefði aldrei skilað mér inn á þing. Svo leist mér ekkert vel á þann sem talaði þar og átti að vera oddviti í mínu kjördæmi. Þess vegna skrifaði ég fyrsta sætið eða ekkert á blaðið.“

Ein stysta leið sem farin hefur verið að þingsæti

Margrét segir að þetta hafi verið nóg til að verða oddviti í framboði til Alþingis. Hún hélt reyndar að hún þyrfti að bjóða sig fram í því kjördæmi sem hún býr í, sem er Suðvesturkjördæmi, en svo reyndist ekki vera. Þannig endaði Margrét sem oddviti í Suðurkjördæmi. „Kosningastjórnin setti mig í þetta fyrsta sæti eftir að hafa talað við mig þrisvar sinnum. Ákvörðunin var reyndar samþykkt af félagsfundi í kjördæminu, en ég mætti ekkert á þann fund og fundarmenn höfðu því ekkert hitt mig. Ég var á skíðum á Akureyri þegar hann fór fram.“

Í kjölfarið fylgdi snörp þriggja vikna kosningabarátta þar sem Margrét fór út um allt í sínu nýja kjördæmi. Hún skemmti sér vel en var um leið fullviss um að hún myndi alls ekki lenda

MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR UM EVRÓPUMÁL

„Ég skil ekki hvar Ísland stendur í Evrópumálum í dag. Við erum með EES-samning sem er sprunginn. Og það er ekkert hægt hreinlega að bakka út úr honum. En menn haga sér bara eins og bjánar í þessu. Það er ekkert þannig að við getum bara farið að eiga eingöngu viðskipti við Kína. Þetta er fullkomlega galið.

Mestur útflutningur okkar er til Evrópu og þær þjóðir sem við eigum menningarlega mest sameiginlegt með eru í Evrópu. Ég hef alltaf verið

á því að leiðin að evrunni væri reyndar það löng að við þyrftum að brúa það bil með öðrum hætti. Við getum ekki bara notað ónýta matador-peninga endalaust. En nú er búið að loka á þetta líka. Maður veltir fyrir sér hvað þeir séu eiginlega að hugsa.

Mér sýnist þessi ríkisstjórn reyndar vera að klúðra utanríkismálum í heild sinni algjörlega. Ég veit eiginlega ekki alveg hvar það á að enda. Ég hef töluverðar áhyggjur af því.“

inni á þingi. Síðustu vikuna fyrir kosningar fór fylgi Borgarahreyfingarinnar síðan að rísa skarpt og í lok dags 25. apríl 2009 var Margrét Tryggvadóttir orðin þingmaður. Tæpum fimm mánuðum síðar höfðu þrír þeirra fjögurra þingmanna sem Borgarahreyfingin fékk kjörna stofnað Hreyfinguna og sagt skilið við gamla aflið. Sá fjórði, Þráinn Bertelsson, hafði þegar yfirgefið samkvæmið til að ganga til liðs við Vinstri græn.

„Þetta sprakk eiginlega strax. Það höfðu verið átök fyrir kosningar. Ég vissi reyndar ekkert um þau. Ég var bara í Suðurkjördæmi og rosa gaman þar. Á sunnudeginum, daginn eftir kosningar, hringdi blaðamaður frá Mogganum og bað um mynd af nýjum þingmönnum Borgarahreyfingarinnar. Við fórum í kosningamiðstöðina og þar var tekin mynd. Þegar hún birtist var myndatextinn: „Þingflokkur Borgarahreyfingarinnar fundar í fyrsta sinn.“

Það var nóg til að allt varð brjáláð. Við vorum sökuð um að hafa klofið okkur frá grasrótinni og vera farin að funda án hennar. Svo var þetta bara allt svona. Á þriðjudeginum eftir var haldinn mikill fundur og þar var allt brjáláð. Ég hélt að ég væri að mæta á einhverja sigurhátíð, en það var sannarlega ekki þannig. Það var í raun alltaf allt brjáláð út af öllu. Allur þessi kraftur sem er í reiðinni, sem keyrði okkur áfram í kosningabaráttunni, varð eins og krabbamein. Fólk var svo reitt af svo mörgum mismunandi ástæðum. Og svo voru sumir reiðir vegna þess að einhverjir aðrir komust í þingsætin.

Allt sprakk strax

Margrét og hinir þingmenn Borgara-hreyfingarinnar voru boðuð í myndatöku daginn eftir að þau voru kjörin á þing. Eftir að myndin birtist varð allt vitlaust innan hreyfingarinnar vegna þess að þar taldi fólk þau vera að hittast án grasrótarinnar. Nokkrum mánuðum síðar yfirgáfu þau hana.

„Ég fann að ég var hætt að vera skemmtileg og glöð. Það var stærsta verkefnið að endurheimta það.“

En við sem vorum kosin vorum líka klaufar og þetta skrifast líka á okkur. Ekkert okkar hafði neina reynslu í pólitík og við gerðum alls konar mistök líka.“

Purfti að endurheimta gleðina

Margrét tók samt þátt í baráttunni fyrir síðustu kosningar undir merkjum Dögunar. Það stjórn málafl var myndað meðal annars úr Hreyfingunni, Borgarahreyfingunni og Frjálslynda flokknum. Hún segir undirbúninginn fyrir það framboð hafa verið mun betri þótt hann hafi ekki skilað neinum inn á þing. „Ég hefði aldrei farið í þetta á sömu forsendum og við fórum í Borgarahreyfingunni. Þá var enginn tími heldur bara keyrt á þetta. Það var til dæmis ekkert fjallað um Evrópusambandið, sem varð síðan aðalmálið í kosningunum. Og innan Borgarahreyfingarinnar voru alls ekkert allir með sömu skoðun á Evrópusambandinu.

Við vorum hins vegar með rosalega mikla og metnaðarfulla málefnavinnu hjá Dögun. Hún stóð í heilan vetur. Allir fundir okkar voru opnir og allir gátu labbað inn. Svo voru alls konar flokkar sem fannst þetta flott hjá okkur og tóku frá stefnunni okkar.“

Hún er þó ekkert sár yfir því að vera ekki lengur þingmaður. Raunar segist hún oft vera dauðfegin að vera laus við það þras sem fylgi pólitíkinni. Spurð hvað þingmaður geri eftir að hann hætti á þingi segir Margrét að í sínu tilfelli hafi stærsta verkefnið einfaldlega verið að endurheimta lífsgleðina. „Ég fann að ég var hætt að vera skemmtileg og glöð. Það var stærsta verkefnið að endurheimta það. Auðvitað á maður ekki að vera í pólitík ef manni er sama. Maður verður að vera þarna allur. En þetta yfirtekur allt manns líf, að minnsta kosti á svona tímum sem voru á meðan ég sat á þingi. Það getur verið að þetta hafi einhvern tímann verið þægileg innivinna. En hún var það ekki þegar ég sat á þingi.“

Gremjan er erfið

Margrét segir að það sem helst hafi rænt hana gleðinni sem stjórn málamanni sé gremjan. „Það er gríðarlega mikil vinna

MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR UM RÍKISSTJÓRNINA

„Þessi ríkisstjórn er ekki kosin með miklum meirihluta. Það dattu um tólf prósent atkvæða niður dauð. Hún hefur hins vegar sterkan þingmeirihluta en hvernig hann nýtist henni á eftir að koma í ljós. Þarna er fólk sem er nánast slembivalið.

Ég hef alltaf viljað gefa fólki séns. Það eru nokkrir sem ég þekki innan stjórnarliðsins og veit að eru vandað og gott fólk. Ég veit að það er að

vanda sig. Svo eru aðrir sem ég hef minna álit á. Það er ekkert vegna þess að það sé endilega vont fólk, heldur vegna þess að það er komið „way over their heads“. Ég held að það séu sumir þarna í verkefnum sem þeir ráða ekkert við. Og sumum er ég bara einlæglega ósammála. En það er ekkert endilega vanhæft fólk. En það eru nokkrir þarna sem undir venjulegum kringumstæðum ættu ekki að vera ráðherrar. Ég vil hins vegar ekki nefna þá.“

unnin án þess að nokkuð gerist. Það eru innbyggðir alls konar flöskuhálsar sem menn nýta sér. Og svo er samið um málin í bakherbergjum. Allri vinnu nefndar sem hefur unnið að einhverju mjög lengi og ítarlega er kannski ýtt frá þegar nokkrir menn fara inn í bakherbergi og ákveða hvað fái að fara í gegn og hvað ekki. Þá er vinnunni rústað. Þetta er ekki lýðræðislegt.“

Að mati Margrétar eiga Íslendingar langt í land með að ná þeim stjórnmalalega þroska sem nauðsynlegur er alvöru sjálfstæðu lýðræðisríki. „Mér finnst oft eins og Ísland sé unglingur. Annaðhvort er allt æðislegt eða ömurlegt. Við erum svo ör í öllu. Ég held að það sé vegna þess að við vorum nýlenda. Það er svo stutt síðan við urðum sjálfstæð þjóð og við högum okkur eins og frekir krakkar. Við höfum fengið alls konar aðstoð: Marshall-aðstoð, herinn, álver, IPA-styrki og ýmislegt annað. En alltaf þegar eitthvað bjátar á viljum við að einhver annar reddi okkur út úr vandræðunum. Í hruninu átti að það vera Evrópu-sambandið. En þetta er ekki alveg þroskaður hugsunarháttur.

Við erum alltaf að leita að einhverju „fixi“. En ég held að það sé gerjun. Við erum að fullorðnast sem þjóð.“

Ætlar ekki sjálf fram

Þrátt fyrir að Dögun hafi ekki haft erindi sem erfiði í síðustu alþingiskosningum starfar félagsskapurinn ennþá. Auka-aðalfundur Dögunar sem haldin var í haust tók meðal annars þá ákvörðun að taka, með einhverjum hætti þátt í sveitarstjórnarkosningunum í vor. Margrét segir það þó ekki þýða að framboðið verði með sjálfstæða lista í öllum



Útilokar ekkert

Margrét ætlar ekki að bjóða sig fram í sveitarstjórnarkosningunum í vor en útilokar ekki að taka slaginn að nýju í landsmálunum. Það fer þó allt eftir því hversu vel henni tekst að endurheimta gleðina.

kjördæmum. „Við eigum nú þegar sveitarstjórnarmenn víða, sem hafa verið að vinna í ýmsum íbúahreyfingum eða voru í Frjálslynda flokknum. Og ég held að við eigum alveg erindi. Við höfum lagt áherslu á húsnæðismál, gegnsæi og að berjast gegn spillingu, sem ég held að sé mikil á sveitarstjórnarstiginu.“

Hún segist þó ekki ætla að fara fram sjálf, þar sem sveitarstjórnarmál höfði ekki til hennar með þeim hætti. Hún útilokar hins vegar ekki að taka slaginn að nýju síðar í landsmálunum. „Helsta vandamál mitt núna er að ég get ekki haldið mér saman. Maður hættir ekkert að hafa skoðanir. Maður veit svo mikið um hvernig hlutirnir gerast. En hins vegar er lífið betra núna. Þetta fer allt eftir því hversu vel lífs- gleðin verður búin að jafna sig.“

Framsókn græddi á útlendingahátrinu

Eftir að hafa stigið út úr hringnum horfir Margrét nú inn í hann. Og hún hefur áhyggjur. „Ég hef mjög miklar áhyggjur af þessari orðræðunni í utanríkismálunum. Stefnan virðist vera að horfa aðallega inn á við, helst bara í Skagafjörðinn.

MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR UM SKULDANIÐURFELLINGARTILLÖGURNAR

„Við höfum ekki enn séð heildarmyndina. Ef við ætlum að halda áfram að vera með verðtryggingu og íslenska krónu er þetta sennilega ekki til neins. Þá er þetta bara eins og að pissa í skóinn. Þá verðum við aftur komin á þann stað sem við erum á núna eftir eitt og hálf t eða tvö ár.

En ég hef verið hlynnt því að þeir sem öllu hrininu bæti skaðann. Þannig að ég er sáttt við þann hluta. Þá er ágætt að fá þessa viðurkenningu á forsendubresti. En ég held að þetta sé of lítil

aðgerð fyrir heimilin til að hún breyti einhverju.

Upphæðin er náttúrulega alls ekki sú sama og var talað um í kosningabaráttunni. Þetta er heldur ekki orðið að lögum. Það eru ekki komin fram frumvörp. Ég tel að það myndi skipta miklu meira máli fyrir íslensk heimili ef við fengjum alvöru gjaldmiðil, húsnæðiskerfi sem væri ekki galið og að við losnuðum við verðtryggingu. Það er miklu sanngjarnari niðurstaða en einhver skuldaleiðrétting ef hitt fylgir ekki.“


Við vorum litli nýi róttæki flokkurinn á þingi á síðasta kjörtímabili og inn í slíka flokka leita ýmis öfl, meðal annars xenófóbísk (útlendingahatur). Við vorum gríðarlega meðvituð öll þrjú sem mynduðum þingflokkinn um að þetta væri eitthvað sem við ætluðum að berja niður ef við gætum. Þessi viðhorf spretta hins vegar oft upp þegar þrengir að. En svo finnur þessi orðræða sér stað ekki hjá okkur heldur í elsta stjórnmálaflokknum (Framsóknarflokknum). Á Norðurlöndunum hafa þetta verið nýir flokkar sem hafa verið að koma með þessa orðræðu. Að mestu nýjustu flokkarnir í hverju landi fyrir sig.

En mér finnst þessi orðræða hafa fundið sér ákveðna fótfestu inni í Framsóknarflokknum núna. Ég þekki marga þingmenn þar og sumt af þessu fólki er á algjörlega öndverðum meiði og tekur engan veginn undir þessa orðræðu. En það lýsir þeim skoðunum sínum ekki út á við. Og það er mjög hættulegt þegar ekkert opinbert nei kemur frá Framsóknarflokknum gegn þessum skoðunum. Vondir hlutir gerast þegar gott fólk stendur hjá og gerir ekki neitt. Mér finnst það dálítið óhugnanlegt.

Það er sannarlega hópur á Íslandi sem hefur þessar skoðanir. Mér fannst eins og að forysta Framsóknarflokksins hafi leyft því að gerast að flokkurinn höfði til þessa hóps. Ég held að Sigmundur Davíð sé í raun enginn rasisti. Eins og ég þekki hann er hann mjög víðsýnn og skemmtilegur maður. En hann leyfði þessu samt að malla. Og flokkurinn græddi á því í síðustu kosningunum.“

200 STÖRF TAPAST 2014

Kvikmyndagerðin fimmfaldrar fjárfestingu hins opinbera í meðförum sínum og skapar þannig dýrmæt störf, verðmætan gjaldeyri og greiðir fjárfestinguna með ríflegri ávöxtun til baka á framleiðslutíma kvikmyndaverkanna.* Hagnaður hins opinbera er því umtalsverður af því að fjárfesta í þessari vaxandi atvinnugrein og allir fá notið íslenskrar menningar á íslenski tungu.



Elisabet Rúnaldsdóttir klippari

Ragnar Bragason leikstjóri

Garun aðstoðarleikstjóri


David Óskar Ólafsson framleiðandi

Brynja Dógg Friðriksdóttir framleiðandi

Jón Karl Helgason leikstjóri heimildamynda

Guðný Halldóradóttir leikstjóri

Geir Magnússon ljósameistari



Stefanía Thors klippari

Það tapast 200 ársverk við niðurskurðinn

Ragnar Hansson leikstjóri

Hermann Karlsson kvikmyndagerðarmaður

?

Ríkissjóður verður af

-614 m kr.

við 445 m kr. niðurskurð eingöngu í launum og launatengdum gjöldum Erlendar tekjur lækka um

-480 m kr.



Aðalheiður Gunnarsdóttir kvikmyndagerðarmaður

Erlendur Sveinsson sjónvarpsframléiðsla

Anna Guðný Guðmundsdóttir kvikmyndagerðarmaður

Arni Ólafur Ásgeirsson leikstjóri

Halla Kristín Einarisdóttir kvikmyndagerðarmaður

Pétur Einarsson hjólmáður



Arnar Steinn Einarsson klippari

Helga Rakel Rafnisdóttir leikstjóri heimildamynda

Ingvar Lundberg hjólmáður

Hrafnhildur Gunnarsdóttir kvikmyndabúmaður

Sigríð Bahama ljósameistari

Margrét Órnólfsdóttir hándritshöfundur



Einn þáttur af Game of Thrones kostar: **722 m kr.**



Kvikmyndasjóður skv. fjárlagafrumvarpi 2014: **625 m kr.**



Rannveig Jónsdóttir framleiðandi

Arni Filippsson framleiðandi

Ísöld Uggeadóttir leikstjóri

Fahad Falur Jabali aðstoðarleikstjóri

Frída María Harðardóttir forbúna- og gervahönnuður

Inga María Eyjólfadóttir kvikmyndagerðarmaður

Kristófer Dignus leikstjóri

Halldán Theodorsson aðstoðarleikstjóri

Hulda Hrund Sigmundardóttir aðstoðarleikstjóri

Jakob Trausti Arnarson eftirmennila

Frída María Harðardóttir forbúna- og gervahönnuður

Eggert Ketillson ljósameistari

Valdíu Óskarsdóttir klippari

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014 liggur fyrir að Kvikmyndasjóður verði skorinn niður um 445 m króna frá þeim 1.070 m króna sem voru áætlaðar. Árið 2010 var Kvikmyndasjóður skorinn niður um 35% frá áætlun. Kvikmyndagerðin þarf á langtíma stöðugleika að halda til áframhaldandi vaxtar og verðmætasköpunar og öflugur samkeppnissjóður sem fjárfestir grunnframlag í íslenskum kvikmyndaðverkum er **að göngumíði að öðu fjármagni**.



Félag kvikmyndagerðarmanna
The Icelandic Film Makers Association
www.filmakers.is

SKL
Santitök
kvikmyndaaleikstjóra



Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda
www.producer.is
tlf. 500 00 0000

*Hagran áhrif kvikmyndaálar, Dr. Ágúst Einarsson, Bilfrótt 2011 og Hveijir fjármagna íslensku kvikmyndaver, Ólafur Arnarson offt. 2011



Krísur ársins 2013

ALMANNATENGLI

Grétar Sveinn
Theodórsson

Ekki virðist líða sú vika þar sem við lesum ekki í fjölmiðlum um fyrirtæki eða einstaklinga sem hafa lent í erfiðum aðstæðum og í kjölfarið þurft að bregðast við. Fyrirtæki gera auðvitað mistök eins og við öll og nú þegar aðeins eru tæpar tvær vikur eftir af árinu 2013 er ekki úr vegi að kíkja á nokkrar áhugaverðar krísur frá árinu sem er að líða. Það er best að taka það fram að þessi listi byggir eingöngu á huglægu mati mínu og inniheldur þær krísur sem mér þóttu skemmtilegastar/áhugaverðastar. Þá eru þær krísur sem áður hefur verið fjallað um hér í Kjarnanum ekki gjaldengar.



Illa rökstuddar hækkanir

Í fimmta sæti er British Gas, einhvers konar Orkuveita þeirra Breta. Reiðir viðskiptavinir og slæm tímasetning er ágætis uppskrift að krísu. Fyrirtækið hækkaði verðskrá sína duglega umfram verðbólgu og fannst það góð hugmynd í



kjölfarið að vera með spurt og svarað á Twitter-síðunni sinni. Fyrirtækið fékk yfir 16.000 athugasemdir og spurningar á fyrstu klukkutímunum, flestar neikvæðar enda viðskiptavinir British Gas allt annað en ánægðir með illa rökstuddar hækkanir á gjaldskrá, en fyrirtækið hafði árinu áður heitið því að nota mikinn gróða til þess að halda verðinu niðri. David Cameron, forsætisráðherra

Bretlands, sem árið 2010 skipaði forstjóra fyrirtækisins í ráðgjafahóp um efnahagsmál, hvatti fólk til þess að hætta viðskiptum við fyrirtækið og orkumálaráðherrann Ed Davey sagðist ekki geta fengið tölurnar til að ganga upp. Það verður að teljast undarleg ákvörðun hjá British Gas að opna fyrir spurningar á Twitter á sama degi og fyrirtækið hækkaði verðskrá sína langt umfram verðbólgu. Það var viðbúið að óánægðir viðskiptavinir myndu láta í sér heyra á Twitter, en fyrirtækið opnaði fyrir flóðgattir með þeirri ákvörðun að bjóða upp á spurt og svarað. Þá virtist British Gas ekki vera sérstaklega vel búið undir það að svara spurningum um hækkunina, sem hjálpaði ekki til.

Hross selt sem nauð

Í fjórða sæti er hrossakjötsskandallinn sem skók Evrópu snemma á árinu. Hrossakjöt, í stað nautakjöts, fannst í frosnu lasanja sem matvælaframleiðandinn Findus framleiddi fyrir fjölda verslana um alla Evrópu. Í kjölfarið voru





gerðar rannsóknir á innihaldi rétta frá Findus og fannst hrossakjöt í 11 af 18 vörum sem skoðaðar voru. Lasanjað innihélt aðeins hrossakjöt. Findus sagði að allir tilbúnu réttirnir hefðu verið framleiddir í Lúxemborg af franska fyrirtækinu Comigel og framkvæmdastjóri Findus

Nordic sagði í viðtali á CNN að Comigel væri sökudólgurinn í þessu máli. En málið hafði einnig gríðarleg áhrif á fyrirtæki eins og Burger King, Nestlé, Tesco og IKEA, sem höfðu keypt vörur af Findus og þurftu að bregðast við krísunni. Málið var fréttæfni um alla Evrópu í margar vikur og voru flest þessi fyrirtæki í eldínunni allan þann tíma. Áhugavert var að viðbrögð fyrirtækjanna voru flest á einn veg. Ábyrgðinni var varpað yfir á aðra.+

Meðódistaprestur á eiturfjum að stýra banka

Í þriðja sæti er Co-Op samvinnuhreyfingarbankinn í Manchester og stjórnarformaður bankans, Paul Flowers. Bankinn hefur markaðssett sig sem samfélagslega ábyrgan og meðal



annars forðast fjárfestingar í vopnaframleiðendum, fyrirtækjum sem gera prófanir á dýrum og þar sem starfsfólk vinnur við bágar aðstæður og léleg kjör. Það kom því sem þruma úr heiðskíru lofti þegar í ljós kom að stjórnarformaður bankans, meðódistapresturinn Paul Flowers, var langt leiddur

eiturfjafkill sem hafði sprautað sig með krakki auk þess að nota ketamín og kannabis reglulega. Maður sem Flowers hitti í gegnum smáforritið Grindr, sem staðsetur næsta samkynhneigða einstakling með sama forrit, tók upp á



myndband þegar Flowers gekk frá kaupum á eiturlyfjum fyrir 60.000 krónur og gortaði af því að hafa sogið „góðan skít“ í nefið áður en hann fór fyrir nefnd breska þingsins, en þar var Flowers vegna þess að hann hafði sett bankann lóðbeint á höfuðið í kjölfar margra undarlegra ákvarðana. Á endanum þurfti breska ríkið að setja 1,5 milljarða punda í bankann til þess að halda honum gangandi.

Í skugga fréttu af kókaínnotkun stjórnarformannsins og skrýtinna ákvarðana í rekstri bankans var orðspor bankans að engu orðið. Bankinn fór þá leið að skrifa vandræðin á reynsluleysi Flowers í bankastarfsemi en ekki vegna „áhuga-verðs lífsstíls“ hans eins og það var orðað. Sem vekur þá spurninguna: Af hverju var Flowers ráðinn til að byrja með?



Pastagreifi atyrðir samkynhneigða

Í öðru sæti er pastaframleiðandinn Barilla. Guido Barilla, stjórnarformaður Barilla Group, bjóst sennilega ekki við því að allur heimurinn myndi bregðast við þegar hann sagði í viðtali við ítalska útvarpsstöð að fyrirtækið gerði ekki auglýsingar með samkynhneigðum vegna þess að það styddi hefðbundin fjölskyldumynstur. Móðgaðir neytendur um heim allan kölluðu eftir því að vörur fyrirtækisins væru sniðgengnar og samfélagsmiðlar loguðu. Keppinautar Barilla nýttu sér þetta margir og auglýstu að þeir fögnuðu fjölbreytninni.

Þetta mál sýnir vel hversu fljótt staðbundin mál geta orðið að heimsfrétt í heimi þar sem upplýsingar flæða óhikað. Fyrir 15 árum hefði þetta mál sennilega einskorðast við Ítalíu en í dag varð þetta stórfrétt um allan heim. Barilla brást strax við og Guido Barilla sendi frá sér fleiri en eina **afsökunarbeiðni** og lofaði að hitta fulltrúa þeirra samtaka sem tala fyrir „þróun fjölskyldunnar“ eins og hann orðaði það. Barilla stofnaði síðan í kjölfarið nefnd um



fjölbreytni sem er samansett af utan- aðkomandi ráðgjöfum og bjó til stöðu forstöðumanns fjölbreytni hjá fyrirtækinu. Hvað sem það þýðir. En Barilla fær plús fyrir viðleitni.

Sjónvarpskokkur segir N-orðið

Í fyrsta sæti yfir krísur ársins er bandaríski stjörnukokkurinn Paula Deen, sem er sennilega ekki mjög þekkt hér á landi. Hún hefur verið með matreiðsluþátt á Food Network og rekur vinsælan veitingastað í Savannah í Georgíu. Í júní sakaði aðstoðarkokkur hennar hana um að nota N-orðið ítrekað við sig, en vart þarf að taka fram að hún er svört. Fyrstu viðbrögð Deen voru að viðurkenna að hafa notað orðið og segjast ekki geta stjórnað því hvað móðgaði annað fólk. Þetta fór eðlilega ekki vel í fólk og hún

áttaði sig á því að hún þurfti að gera eitthvað til að minnka skaðann. Hún bókaði sig í viðtal hjá The Today Show til að skýra sína hlið á málinu. Af einhverjum undarlegum ástæðum ákvað hún að afbóka sig rétt áður en hún átti að mæta og sendi frá sér myndband þar sem hún baðst afsökunar á orðum sínum. Myndbandið, sem getur verið sterkur leikur í krísu, var hins vegar mikið klippt til, sem gerði það ekki sérlega trúverðugt. Þetta myndband var fljótlega tekið niður og í staðinn kom tæplega tveggja mínútna óklippt myndband þar sem Deen biðst innilega afsökunar og segist ekki vera rasisti.

Innan við klukkutíma eftir að Deen birti fystu afsökunarbeiðnina hafði Food Network sagt upp samningi sínum við hana. Aðrir samstarfsaðilar gerðu slíkt hið sama í kjölfarið. Hún endaði loks á því að fara í The Today Show, þar sem hún grét krókódílatárum og hvatti fólk til að henda steinum í hausinn á sér og í kjölfarið á þættinum hvarf hún svo í nokkra daga. Allt saman mjög eðlilegt.

Áhrif skuldaniðurfellinga á Ísland

STJÓRNMÁL
Þórður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is

Leidiréttingin“, stefna ríkisstjórnarinnar varðandi aðgerðir til leiðréttingar á höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána auk lækkunar höfuðstóls með skattleysi séreignarlífeyrissparnaðar, var kynnt í Hörpu laugardaginn 30. nóvember síðastliðinn. Samkvæmt kynningu eiga aðgerðirnar að lækka verðtryggð húsnæðislán um allt að 80 milljörðum króna og gera fólki kleift að greiða niður höfuðstól lána sinna með séreignarsparnaði um aðra 70 milljarða króna.

Sitt sýnist hverjum um útfærslurnar og hvort þær samrýmist þeim loforðum sem gefin voru út fyrir kosningar um umfang aðgerðanna. Frá því að þær voru kynntar hafa líka komið fram ansi margar greiningar á þjóðhagslegum áhrifum þeirra. Kjarninn tók þær saman.

30. nóvember: Analytica

Í spá Analytica, sem unnin var fyrir sérfræðingahópin og kynnt var samhliða skuldaniðurfellingaráformunum í Hörpu hinn 30. nóvember síðastliðinn undir heitinu Þjóðhagsleg áhrif tillagnanna, kom fram að þær myndu hafa jákvæð áhrif á hagvöxt fram til ársins 2018. Þær myndu auk þess hafa jákvæð áhrif á einkaneyslu og kaupmátt út árið 2017, ekki hafa neikvæð áhrif á vöru- og þjónustujöfnuð, nánast engin áhrif hafa á verðbólgu en auka fjárfestingu í íbúðarhúsnæði mikið á næstu fimm árum. Þá myndu skuldaniðurfellingar draga lítilliga úr atvinnuleysi.

6. desember: Fitch Ratings

Í umsögn Fitch um skuldaniðurfellingarnar og þær skattaívilnanir sem kynntar voru í lok nóvember segir að lækkun húsnæðisskulda geti haft jákvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf. Aukin skattlagning fjármálafyrirtækja, og sérstaklega fallinna fjármálafyrirtækja, geti hins vegar leitt til þess að kröfuhafar gömlu bankanna fái minna í sinn hlut. Fitch telur það geta haft neikvæð áhrif á viðhorf erlendra aðila gagnvart Íslandi og því dregið úr fjárfestingu og vexti héraendis. Þetta geti líka torveldað afnám hafta. Ef tillögurnar verði að fullu fjármagnaðar með bankaskatti muni þær ekki fela í sér auknar lántökur ríkisins og því muni þær ekki hafa áhrif á ríkisfjármál. Fitch telur hins vegar hættu á að þau heimili sem njóti niðurfellingar muni endurfjármagna íbúðalán sín annars staðar en hjá íbúðalánasjóði, sem gæti haft neikvæð áhrif á sjóðinn.



6. desember: Greiningardeild Arion banka

Greiningardeild bankans telur þó nokkra áhættu fólgnu í því að láta áhrif allrar niðurgreiðslunnar koma fram á greiðslubyrði í einu. Afleiðingin gæti verið aukinn þrýstingur á eftirspurn í hagkerfinu og þar með verðlag og jafnvel gengi krónunnar, aukist eftirspurn eftir innflutningi mikið. Greiningardeildin er hrædd um að efnahagsleg áhrif skuldaniðurfellingarinnar geti verið vanmetin, sérstaklega verðbólguáhrifin. Þetta er rökstutt sérstaklega með því að heimilin sem muni njóta niðurfellingarinnar séu ekki endilega eins aðþrengd og gilti um til dæmis heimilin sem fóru 110 prósent leiðina. Því verði svigrúmið sem skapist ekki endilega notað í afborganir lána eða nauðsynjavörur og það geti aukið þenslu. „Í raun virkar lækkun greiðslubyrðarinnar að einhverju leyti líkt og launahækkun hjá þeim sem hana hljóta,“ segir enn fremur í punktum greiningardeildar Arion banka.

9. desember: IFS greining

Að mati IFS greiningar mun verðbólga hækka vegna skuldaniðurfellinganna. Fyrirtækið hækkaði verðbólguþá sína fyrir næsta ár úr 3,5 prósentum í 3,8 prósent vegna þeirra. IFS telur einnig að aðgerðin muni auka eftirspurn eftir vörum og þjónustu sem muni leiða til veikara gengis krónunnar, en jafnframt bæta afkomu sumra fyrirtækja.

IFS telur að uppgreiðsluvandi Íbúðalánasjóðs muni aukast



þótt vanskil gætu minnkað. Óvissa um skuldastöðu ríkissjóðs mun hins vegar aukast og sömuleiðis um lánshæfismat hans. Fyrirtækið spáir því að skattleysi á viðbótalífeyrissparnað, sem er hluti af aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar, muni draga úr veltu á fasteignamarkaði næstu þrjú til fjögur árin. Það telur þó einnig að það sé líkast til ofmat að 70 til 85 milljarðar króna skili sér til lækkunar á húsnæðislánnum vegna séreignaleiðarinnar. Iðgjöld í viðbótalífeyrissparnað hafi þannig numið 8,9 milljörðum króna í heild sinni árið 2012. Hluti Íslendinga búi skuldlausu húsnæði og stór hluti borgi mun meira en 500 þúsund í viðbótarsparnað á ári, en það er hámarkið sem má greiða inn á lán. Því telur IFS að upphæðin sé ofmat.



10. desember: Hagsjá Landsbankans

Hagsjá Landsbankans telur að ætla megi að áhrif skuldaniðurfellinga verði meiri í átt til þenslu en af var látið við kynningu þeirra. Í greiningu hennar segir að sé litið til þriggja afmarkaðra þátta megi vænta töluverðra þensluáhrifa. Í fyrsta lagi megi ætla að hækkun verðbólgu vegna hækkunar á húsnæðisverði verði rúmlega eitt prósent, sem valdi aftur hækkun á höfuðstól verðtryggðra íbúðalána um tíu til tólf milljarða króna. Þá er talið líklegt að auðsáhrif vegna bættrar eignastöðu valdi aukinni einkaneyslu og þenslu. „Þá er einnig líklegt að áhrif þessara aðgerða á Íbúðalánasjóð verði mikil, t.d. vegna uppgreiðslu lána, og að kostnaður vegna þess lendi endanlega á ríkissjóði,“ segir í hagsjánni.

11. desember: Seðlabankinn

Már Guðmundsson seðlabankanstjóri lét hafa eftir sér á kynningarfundum vegna stýrivaxtaákvörðunar 11. desember síðastliðinn að áætlanir um skuldaniðurfellingar myndu auka innlenda eftirspurn og verðbólgu. Að öðru óbreyttu myndi það kalla á hærri vexti. Að mati peningastefnunefndar Seðlabankans munu aðgerðirnar auka innflutning og draga úr viðskiptaafgangi, sem stuðli að lægra gengi krónunnar en ella. Már bætti við að hann teldi að sérfræðingahópur ríkisstjórnarinnar, sem vann skuldaniðurfellingartillögurnar, hefði líkast til vanmetið áhrif þeirra á efnahagslífið. Seðlabankinn er að vinna að eigin formlegu mati auk þess sem hann mun koma að athugasemdum þegar frumvarp um málið verður lagt fram á Alþingi.

12. desember: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn varar við skuldaniðurfellingum íslensku ríkisstjórnarinnar og telur þær misráðnar. Að mati sjóðsins gætu tillögurnar leitt til þess að ríkið þyrfti að leggja Íbúðalánasjóði til um 40 milljarða króna á næstu fjórum árum, aukinnar verðbólgu og hækkunar á skuldum hins opinbera ef látið verður reyna á bankaskatt fyrir dómstólum. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur auk þess að auknum tekjum ríkissjóðs sé betur varið í að lækka skuldir ríkisins en í skuldaniðurfellingar fyrir þá sem eru með verðtryggt húsnæðislán.

16. desember: Moody's

Í mati matsfyrirtækisins er gengið út frá því að bankaskatturinn haldi og að tillögurnar verði því fjármagnaðar með honum. Moody's telur þar af leiðandi að skuldaniðurfellingarnar muni hafa jákvæð áhrif á stöðu Íbúðalánasjóð án þess að það bitni á lánshæfi ríkissjóðs, enda muni bankaskatturinn verða til þess að aðgerðirnar hafi lítil bein neikvæð áhrif á ríkisfjármál. Að mati Moody's mun kaupmáttur heimila aukast við þessa aðgerð en það mun verðbólga líka gera. Fyrir vikið munu vextir líkast til hækka og kaupmáttaraukningin dragast saman samhliða.



Matreiðslubókajól

MATUR

Svavar Halldórsson

Aldrei hafa að líkindum verið gefnar út fleiri matartengdar bækur á íslensku en í ár. Matarblaðamanni telst til að þetta séu 29 bækur, ef allt er talið með, íslenskar frumútgáfur, þýðingar á íslensku og endurútgáfur. Til viðbótar gefur Forlagið út eina af bókum Nönnu Rögnvaldsdóttur á frönsku, sem samanlagt gerir 30 matartengdar bækur sem gefnar eru út hér á landi á árinu.

Ekki eru þetta allt eiginlegar matreiðslubækur í hefðbundnum skilningi. Ein þessara bóka er til að mynda Góðgæti fyrir gæludýrin eftir Bjarkeyju Björnsdóttur, sem

fjallar eins og titillinn gefur til kynna um gæludýramat. Hin stórgóða vínbók Steingríms Sigurgeirssonar, *Vín – frá þrúgu í glas*, er ekki heldur eiginleg matreiðslubók – en þó klárlega matartengd bók. Þá er samkvæmt Bókatíðindum jólaréttabók Sígga Hall frá í fyrra endurútgefin í ár og eins eru endurútgefnar í einu lagi þrjár stórgóðar eldri bækur, *Af bestu lyst 1, 2 og 3*, sem komu fyrst út 1993, 2001 og 2008. Hér er sú útgáfa talin sem ein bók.

Bókatíðindi villandi

Þótt Bókatíðindi gefi allgóða mynd af bókaútgáfu ársins er sú mynd reyndar ekki fullkomlega rétt. Til að mynda er hin ágæta bók Eldað undir bláhimni, í ritstjórn Heiðísar Lilju Sigurjónsdóttur, athugasemdalaust flokkuð með nýútgefnum bókum í Bókatíðindum 2013 þótt hún hafi komið út í fyrra. Síðan vantar í tíðindin metsölubókina *Veislurétti Hagkaups* eftir Friðriku Hjördísi Geirsdóttur, *Grillað með Jóa Fel* og Íslensku hamborgarabókina eftir Svavar Halldórsson, þann sem hér heldur um penna. Það er auðvitað bagalegt þegar vantar bækur í Bókatíðindi sem sannarlega komu út á árinu 2013 og aðrar eru inni sem komu út í fyrra. Það dregur heldur úr trúverðugleika ritsins og gerir lötum blaðamönnum erfiðara fyrir í umfjöllun sinni um jólabókaflóðið, enda hafa villurnar í Bókatíðindum gengið aftur í skrifum ýmissa blaða og fjölmiðla um bókaútgáfu ársins 2013.

Hinar eiginlegu matreiðslubækur ársins

Sé ný íslensk matreiðslubók skilgreind sem „frumsamin bók á íslensku eftir íslenskan höfund þar sem aðalefnið er mataruppskriftir fyrir manneskjur“ telst matarblaðamanni til að í allt hafi komið út 20 frumsamdar íslenskar matreiðslubækur árið 2013. Þær eru:

- 1 *Veisluréttir Hagkaups* eftir Friðriku Hjördísi Geirsdóttur
- 2 *Grillað með Jóa Fel* eftir Jóhannes Felixson
- 3 *Íslenska hamborgarabókin* eftir Svavar Halldórsson
- 4 *Afmælisveislubókin* í ritstjórn Kristínar Eikar Gústafsdóttur



- 5 *Brauð og eftirrættir Kristu – sykur-, ger- og glútenlaust* eftir Maríu Kristu Hreiðarsdóttur
- 6 *Fagur fiskur* eftir Svein Kjartansson og Áslaugu Snorradóttur
- 7 *Fjölbreytt, ferskt og fullt af bragði (RUB23)* eftir Einar Geirsson
- 8 *Freistingar Thelmu* eftir Thelmu Þorbergsdóttur
- 9 *Heilsubakstur* eftir Auði Ingibjörgu Konráðsdóttur
- 10 *Heilsudrykkir Hildar* eftir Hildi Halldórsdóttur
- 11 *Í tilefni dagsins* eftir Yesmine Olsson
- 12 *Kjúklingaréttir Nönnu* eftir Nönnu Rögnvaldsdóttur
- 13 *Lág kolvetna lífsstíllinn* eftir Gunnar Má Sigfússon
- 14 *LKL 2 (Lág kolvetna lífsstíllinn 2)* eftir Gunnar Má Sigfússon
- 15 *Læknirinn í eldhúsinu* eftir Ragnar Frey Ingvarsson
- 16 *Matargleði Evu* eftir Evu Laufeyu Kjaran
- 17 *Nýir heilsurættir fjölskyldunnar* eftir Berglindi Sigmarsdóttur
- 18 *Partíréttir* eftir Rósu Guðbjartsdóttur
- 19 *Sælker aflakk um Provence* eftir Sigríði Gunnarsdóttur
- 20 *Uppskriftir* eftir Guðleifu Fríði Sigurjónsdóttur



Framangreindar upplýsingar eru byggðar á samtölum við öll bókaforlöggin sem gefa út matartengdar bækur í ár, nokkra höfunda og uppflettingum í bókasafnsforritinu Gegni.

Fjórða hver matreiðslubók eftir Hafnfirðing

Ef rýnt er í útgáfu ársins – og litið framhjá vanköntum Bókatiðinda – er ljóst að þetta er samt merkilegt matreiðslubókaár. Ekki síst fyrir Hafnarfjörð, en af þessum 20 eiginlegu matreiðslubókum sem koma út í ár er um fjórðungur skrifaður af Hafnfirðingum. Sex af þessum bókum eru eftir

fimm Hafnfirðinga; Maríu Kristu Hreiðarsdóttur, Thelmu Þorbergsdóttur, Rósu Guðbjartsdóttur og metsöluhöfundinn Gunnar Má Sigfússon, auk undirritaðs, Svavars Halldórs-sonar. Ætli það sé ekki einhvers konar heimsmet miðað við höfðatölu?

Netið hefur áhrif

Ef alþjóðlegar bóksölutölur eru skoðaðar eru fingraför netsins greinileg. Hin prentaða bók er í vörn en rafbækur sækja á, sértaklega vestan hafs. En þar er heldur ekki allt sem sýnist. Áhrif rafbókarinnar eru mun meiri í heimi textabóka; fagurbókmennta og skáldsagna, en í því sem kalla mætti myndabækur. Í þann flokk falla meðal annars ljósmyndabækur, handbækur ým-iss konar og matreiðslubækur. Neikvæð áhrif rafbóka og netsins á sölu prentaðra bóka virðast hverfandi þegar matreiðslu- bækur eru skoðaðar sérstaklega. Hafa ber í huga að flokkun af þessu tagi er auðvitað háð því hvernig menn skil- greina bækur í flokka og eins ber að hafa þann fyrirvara að fleiri en útgefendur hinna íslensku Bókatíðinda geti klúðrað málum, gleymt bókum eða kunni ekki á dagatal.



Matarbloggararnir koma sterkir inn

En netið hefur líka önnur áhrif og merkilegri. Undanfarin ár hefur matarblogg notið sívaxandi vinsælda. Margir bloggarar eiga tryggja fylgjendur sem lesa þá reglulega. Nú færirst í vöxt að matarbloggarar gefi út matreiðslubækur – þessi þróun virðist alþjóðleg – og nær greinilega hingað til lands. Nokkrar af íslensku matreiðslubókunum í ár eru eftir öfluga bloggara, til dæmis Freistingar Thelmu og Brauð og eftirréttir Kristu – sykur-, ger, og glútenlaust. Hreint frábærar bækur báðar tvær!



Fjarvera kolvetna

Bók Kristu er hluti af þeirri öflugu bylgju sem nú ríður yfir og veldur því að smjör- og rjómaþingödir landsins eru á þrotum – hinu svokallaða lágkolvetna mataræði. Gunnar Már Sigfússon, líkamsræktarþjálfari og heilsuráðgjafi, er með tvær ágætar bækur í þeim flokki, Lág kolvetna lífsstíllinn og LKL 2: lág kolvetna lífsstíllinn. Gunnar Már er reyndar virkur á vefnum líka þótt hann falli kannski ekki í hóp matarbloggara. Fyrri bókin var gríðarlega vinsæl í vor og sumar og búast má við því að hann verði einn mesti seldi höfundur ársins þegar upp verður staðið, enda eru báðar bækurnar vel úr garði gerðar, fróðlegar og skemmtilegar – sú seinni reyndar sýnu betri hvað varðar frágang og uppsetningu.



Sjónvarpskokkar og bækur

Einshvers konar tengsl höfunda og lesenda í gegnum netið virðist skila sér í bóksölu en þessu til viðbótar er hefð fyrir því að sjónvarpskokkar fylgi vinsældum sínum eftir með matreiðslubókum. Jamie Oliver er nærtækt dæmi sem flestir þekkja. Hann er einn þekktasti sjónvarpskokkur í heimi og líka einn sá söluhæsti í bókum. Í ár eru nokkur þekkt andlit úr íslenskum matreiðsluþáttum í sjónvarpi með bækur. Má þar nefna Svein Kjartansson með sína frumlegu bók Fagur fiskur, Yesmine Olsson er líka með fína og vel gerða bók, að ógleymdri meistaraðómara- og matreiðslusjónvarpsstjórnunni Friðriku Hjördísi Geirsdóttur, eða Rikku. Hvort það skiptir máli að hafa verið með matreiðslu- eða matarþátt í sjónvarpi upp á bóksölu að gera eða hvort vænlegra er að vera með vinsælt blogg skal ósagt látið. Báðar leiðir



skila sér hins vegar klárlega í sölutölum matreiðslubóka. En það er ekki sama hvar á jarðarkringlunni gripið er niður, því slíkar tengingar eru breytilegar eftir löndum og menningarheimum.

Hin alþjóðlega matreiðslumenning

Á undanförunum árum hafa risið alþjóðlegar matreiðslu- og sjónvarpsstörnur sem gera það einnig gott í bóksölu. Fyrir utan Jamie Oliver þekkja margir Íslendingar Rachael Ray og Nigellu Lawson, enda hafa þættir beggja verið sýndir í íslensku sjónvarpi. Í jólabókaflóðinu er að finna þýðingu á bók þeirrar síðarnefndu. Rétt eins og með matarbloggarana leiðir aukin netvæðing til betri aðgangs að sjónvarpsefni og ýmsu öðru sem þetta fólk leggur nafn sitt við, sem aftur skilar sér í aukinni bóksölu. Þessi þrjú sem hér eru nefnd tilheyra hópi sem hægt væri að kalla alþjóðlegar súperstjörnur í matreiðslu. Raunar er alþjóðavæðing fyrir tilstuðlan netsins líklega mun meiri þegar kemur að matreiðslubókum en mörgum öðrum tegundum bókmennta.

Menningarmunur

En þrátt fyrir að matreiðslustraumar og -stefnur fari nú greiðar um veröldina en var fyrir tíma sjónvarps og nets hefur einsleitnin að vissu leyti orðið meiri. Sjónvarpsþættir höfunda skipta æ meira máli þegar kemur að sölu matreiðslubóka þegar litið er á veröldina alla en þó er talsverður munur hvað þetta varðar á milli landa. Rétt er líka að nefna að til viðbótar er heilsuþylgja greinileg í alþjóðlegri matreiðslubókaútgáfu. Svo virðist líka sem fólk leiti meira að mat úr nánasta umhverfi sínu í ríkari mæli en áður. Undirritaður hefur áður fjallað um fyrirbærið Fast Slow Food hér í Kjarnanum, en það gæti orðið ein af þessum tiskubylgjum í matargerð sem reglulega ganga yfir veröldina. Fast Slow Food snýst í einfaldaðri mynd um að gera hollan skyndibita úr mat sem unninn er eða ræktaður á vistvænan eða lífrænan hátt í anda Slow Food. Dæmi um þetta má finna í Íslensku hamborgarabókinni.



Frakkar með sterka stöðu í Asíu

Alþjóðavæðing í mat og matreiðslubókum er engu að síður staðreynd og til að mynda hafa frönsk vín og franskur matur verið afar vinsæl í Japan undanfarin ár, sem þýðir að franskar matreiðslubækur seljast líka vel. Í Kína stendur sala á kínverskum matreiðslubókum nánast í stað á milli ára en sala á vestrænum matreiðslubókum hefur aukist árlega um meira en 10% síðustu ár. Enn og aftur er það svo sjónvarpið sem ýtir undir undir sölu á matreiðslubókum, hvort sem titið er til Kína, Bretlands eða Bandaríkjanna. Breskir sjónvarpskokkar virðast vera þeir sem höfða mest til hins alþjóðlega markaðar þessi misserin. Því má svo kannski bæta við að frændur okkar Svíar virðast á beinu brautinni hvað varðar alþjóðlega viðurkenningu sem matarþjóð. Nýir veitingastaðir spretta þar upp eins og gorkúlur, hið nýja norræna eldhús virðist á siglingu og í það minnsta 13 veitingastaðir eru með Michelin-stjörnu.

Spámaður í sínu heimalandi

Skilgetið afkvæmi sænsku bylgyunnar er Magnus Nilsson, rokkstjórnukokkur á Fäviken sem áður hefur verið fjallað um í Kjarnanum. Það eru nefnilega ekki alþjóðlegu stjórnurnar sem tróna á toppnum í hverju landi fyrir sig, heldur heimamenn. Í Bretlandi eru það sjónvarpskokkarnir Jamie Oliver, Gordon Ramsay, Nigella Lawson og Lorraine Pascale sem selja mest – en þau eru reyndar líka alþjóðlegar stjórnur. Fáir útlendingar komast hins vegar á blað í Bretlandi. Hollendingurinn Jeroen Meus er vinsæll sjónvarpskokkur í heimalandinu og selur tuttugu sinnum fleiri matreiðslubækur í heimalandinu en sá útlendi sjónvarpskokkur sem næstur honum kemst.



Frönsk/íslensk þversögn – nema hvað?

Frakkland er undantekning frá þeirri alþjóðlegu meginreglu að kokkar eða höfundar þurfi sjónvarpsþátt til að selja matreiðslubækur. Að vísu eru slíkir menn til, eins og metsöluhöfundurinn Cyril Lignac sem jafnframt er sjónvarpsstjarna. En landi hans Trish Deseine hefur hins vegar gert það mjög gott, bæði heima og á alþjóðlegum vettvangi, án þess að hafa nokkurn tíma haft sinn eigin matreiðsluþátt í sjónvarpi. Ísland virðist vera nokkuð nær Frakklandi en engilsaxnesku löndunum enn sem komið er, líti maður yfir þær 20 eiginlegu íslensku matreiðslubækur sem nefndar voru hér að framan. Aðeins lítill hluti er eftir sjónvarpskokka. Matreiðslubækur eru gjarna með söluhæstu bókum hvers árs en hins vegar er ekki heiglum hent að fá áreiðanlegar sölutölur, enda fleiri en einn metsölulisti og sala í fjölmörgum smærri verslunum sem telst ekki með. Það getur því verið erfitt að vita með fullri vissu hver metsölu-bók ársins verður, nema tölur alls staðar verði samhljóða og afgerandi. Þá fáum við kannski að vita hvorir hafa betur í ár, bloggarnir eða sjónvarpskokkarnir.



Eitt af úrslitaverkefnumum fimm 2013, Metropol Parasol garðurinn í Sevilla á Spáni. Arkitekt: Jürgen Mayer-Hermann.

MYND: DAVID FRANCK

Mies van der Rohe í Hörpu

ARKITEKTÚR
Árný Þórarinsdóttir

Isumar fékk tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa evrópsku Mies van der Rohe-byggingarlistaverðlaunin. Þetta eru ein eftirsóttustu verðlaunin í heimi byggingarlistar og bætist Harpa í hóp mikilfenglegra bygginga sem hlotið hafa þau síðustu ár. Þetta er gríðarlegur heiður fyrir arkitekta byggingarinnar; íslensku teiknistofuna Batteríið og dönsku arkitektastofuna Henning Larsen tegnstue ásamt listamanninum Ólafi Elíassyni. Aðeins ein önnur bygging á Norðurlöndum Ólafi Elíassyni verðlaunin, en það er Óperuhúsið í Ósló sem hlaut þau árið 2009. Í rökstuðningi við valið leggur formaður dómnefndar áherslu á þrennt; það að ákveðið hafi verið að klára byggingu hússins þrátt fyrir efnahagserfiðleika, tengingu byggingarinnar við höfnina og miðborg Reykjavíkur og merkilega samvinnu arkitektanna við listamanninn Ólaf Elíasson.

Mótun Evrópu

Nú stendur yfir á göngum Hörpu sýning sem ber nafnið „Að móta Evrópu: Byggingarlist í 25 ár“, þar sem farið er yfir 25 ára sögu verðlaunanna sem kennd eru við þýsk-bandaríska arkitektinn Mies van der Rohe. Verðlaunin voru sett á stofn árið 1987 af stofnun Mies van der Rohe í Barcelona og Evrópusambandinu. Markmið þeirra er að vekja athygli almennings á evrópskri byggingarlist í vönduðustu mynd ásamt því að fræða um nýjustu tækni og þróun í faginu.

Verðlaununum er einnig ætlað að gefa bæði einstaklingum og opinberum stofnunum tækifæri til að ná betri skilningi á menningarlegu hlutverki byggingarlistar.

Fyrstu verðlaunin voru afhent árið 1988 og eru þau veitt annað hvert ár. Nú í ár voru 350 byggingar frá 37 Evrópulöndum tilnefndar. Í úrslit komust fjórar byggingar ásamt Hörpunni. Hinar fjórar byggingarnar eða verkefni eru dvalarheimili aldraðra í Alcacer do Sal (Portúgal) eftir Aires Mateus, ráðhúsið í Gent (Belgíu) eftir Robbrecht en Daem og Marie-José Van Hee, Metropol Parasol-garðurinn í Sevilla (Spáni) eftir Jürgen Mayer-Hermann og Superkilen í Kaupmannahöfn eftir BIG, Topotekí og Superflex, sem áður hefur verið fjallað um í Kjarnanum. Á sýningunni í Hörpu er hægt að skoða teikningar, ljósmyndir og módel af þessum framúrskarandi verkefnum ásamt fleiri tilnefningum þetta árið. Auk þess er hægt að sjá þróun evrópskrar byggingarlistar í gegnum 25 ára sögu verðlaunanna. Þetta er einstakt tækifæri til að skoða byggingarlist á heimsmælikvarða og gefur glögga mynd af þeim hópi stórkostlegra bygginga sem Harpan er nú hluti af.



Ein af 350 tilnefningunum árið 2013; Dune House í Thorpeness á Englandi. Arkitektar: Jarmund/Vignæs AS.

MYND: NILS PETTER DALE



Ein af 350 tilnefningunum árið 2013; Kvikmyndamiðstöð Hollands í Amsterdam. Arkitektar: Delugan Meissl.

MYND: IWAN BAAH



Vinningshafi ársins 2009; Óperuhúsið í Ósló. Arkitektar: Snohetta.

MYND: JENS PASSOTH



Ein af 350 tilnefningunum árið 2013; Ólympíuleikvangurinn í London. Arkitektar: Populous.

MYND: POPULOUS



Ein af 350 tilnefningunum árið 2013; Skotleikvangurinn í London. Arkitektar: Magma arkitektar.

MYND: HUFTON+CROW



Ein af úrslitabyggingunum fimm árið 2013; dvalarheimili aldraðra í Alcacer do Sal í Portúgal. Arkitektar: Aires Mateus.

MYND: FG+SG



Teiknimynd um dýr í útrýmingarhættu

Viðtal við Þröst Bragason, hugsjónamann sem ætlar ekki að sitja auðum höndum og horfa upp á mannkynið útrýma dýrategundum

Þröstur Bragason og JR Green eiga sér draum um að auka þekkingu og meðvitund fólks á dýrum sem eru í útrýmingarhættu. Leið þeirra til þess er að skapa teiknimyndaheim fyrir börn þar sem þessi dýr eru ofurhetjur. Með ofurkröftum sínum berjast þau við illan álverksmiðjueiganda sem vill breyta heimkynnum þeirra í álver. Dýr lenda í útrýmingarhættu af ýmsum ástæðum. Stundum er það eðlilegt að dýrategund deyi út, hún hættir að laga sig að umhverfi sínu eða önnur dýrategund yfirtekur svæðið sem hin lifði á. Allt of oft er það þó af mannavöldum. Mannskepnan hefur mikil áhrif á umhverfið og dýrin sem búa þar. Þetta er ekki takmarkað við ákveðin landsvæði eða heimsálfur. Þetta er vandamál um allan hnöttinn. Þetta eru eins ólíkar tegundir og Síberíu-tígurinn og Keilusnigillinn.



Voru í eigu Gerg

Flopalongs eru hópur dýra sem var einu sinni í einka-dýragarði á eyju í eigu illmennisins Gerg. Sá er vondur og gráðugur maður sem vill ekki sjá neitt óspillt og sækist eftir því að sölsa undir sig allar náttúruaðlindir sem hann getur. Hann skilur eftir sig sviðna jörð hvert sem hann fer.

Hver er sagan á bak við hugmyndina? Af hverju fór JR að vinna að þessu verkefni? Flopalongs urðu til í tveimur svona „ah!“ augnablikum. Fyrri skiptið var þegar JR var á ferðalagi í Suður-Kóreu og hann tók eftir því að næstum allir voru með

svona glingur hangandi á farsímunum sínum. Hann velti því fyrir sér hvort þetta væri hluti af símanum eða bara eitthvað sem hver og einn byggði á sínum persónuleika. Flopalongs-nafnið kom þarna fram, af því að JR fannst glingrið flapsa út um allt.


Karakterarnir í Flopalongs eru svo seinna „ah!“ augnablikið: JR fór að hugsa um hverju gæti verið gaman að bæta við þetta æði í Asíu og blandaði saman ást sinni á dýrum í útrýmingarhættu og æskuminningum sínum um allar ofurhetjurnar. Í framhaldi af því fór hann að hugsa um hvað hægt væri að gera til að auka meðvitund barna um dýrin. Það var svo í öðru ótengdu ferðalagi til Suður-Kóreu sem hann byrjaði að skissa upp fyrstu teiknimyndasöguna og karakterana og hvaða ofurkrafta þeir ættu að hafa. Nöfnin á Flopalongunum eru síðan raunveruleg gælunöfn vina JR.

Þegar fyrsta teiknimyndasagan var tilbúin fór hann að vinna með nýjum og gömlum vinum að því að glæða Flopalongs lífi. Mikilvægt skref í þessa átt er samstarf JR og Þrastar Bragasonar þar sem Flopalongs í væntanlegu teiknimyndaformi verða kynntir til sögunnar á Íslandi, fyrst allra landa í heiminum.

Hvernig komst þú inn í verkefnið? Við JR Greene erum gamlir vinir frá því að ég var skiptinemi í Knoxville í Tennessee á árunum 1992-1993. Þegar JR sagði mér frá þessari hugmynd og sýndi mér teiknimyndasöguna sá ég strax að þessu þyrfti að koma í framleiðslu. Ég er í nokkrum hlutverkum í þessu verkefni. Ég sinni hópþjármögnunarverkefninu á Karolina Fund og sé um allt sem kemur að kynningu á samfélagsmiðlum og tölvupóstasamskiptum. Ég er líka í viðskiptaþróunarhlutanum sem snýr að Íslandi og Evrópu í heild sinni. Svo sé ég um alla grafík í þessum fyrsta fasa, en það nær yfir teiknimyndagerð á storyboard, frumþrívíddargrafík og þar fram eftir götunum. Ég er menntaður teiknimyndagerðarmaður með mastersgráðu í miðlunarfræði. Planið er svo að taka hönnunina á karakterunum á næsta plan og fá til þess teiknara og hef ég þegar haft samband við nokkra, sem hafa almennt tekið vel í hugmyndina.



Hverju vonist þið til þess að áorka með Flopalongs? Fyrst og fremst vonumst við til að fræða og skemmta börnum (og fullorðnum líka að sjálfsgöðu, það má ekki gleyma því að stór hluti þeirra sem horfir á barnaefni er foreldrar með stýrur í augunum). Uppbygging þáttanna verður með svipuðu sniði og „Einu sinni var“ og „Mannslíkaminn“, þar sem tvinnnað var saman fróðleik og skemmtun. Við vonumst líka til þess að geta verið í það stórri framleiðslu að við getum verið með fólk í stöðugri vinnu, frekar en í svona skorpuvinnu eins og hefur tíðkast svolítið mikið hérna heima. Það var líka hluti af upprunalegri stefnu Greene Toys að gefa hluta af tekjum fyrirtækisins til samtaka á borð við World Wildlife Fund for



Nature (WWF) og munum við halda því áfram. Við vonumst til að The Flopalongs verði að minnsta kosti jafn þekkt vörumerki og Dóra landkönnuður. Flopalongs-dýrin eiga fullt erindi við börn í dag. Þau eru góðhjörtuð og kenna að það sé hægt að lifa í sátt og samlyndi við menn og dýr, án þess þó að vera með predikun. Teiknimyndirnar verða ekki eingöngu mötun, heldur verða börnin frædd um dýrin. Kennsla í gegnum afþreyingu (eða „edutainment“) er vinsæl þessa dagana og getur virkað hvetjandi á börn að læra til dæmis um dýrategundir í útrýmingarhættu og þá líka hvað hægt er að gera til að hjálpa þeim. Ef þú, lesandi góður, vilt ekki sitja auðum höndum, heldur styrkja Þröst í baráttunni – kíktu þá núna inn á karolinafund.com og leggðu þitt af mörkum.





Sjálfsvirðing þjóðar

...sem rekur Jósef og Maríu á dyr

Auður Jónsdóttir skrifar



Það eru að koma jól og við rífumst sem aldrei fyrr. Við þessi þjóð sem kennir sig við Ísland. Í mestu rimmunum minna fylkingarnar á hjón sem ramba á barmi skilnaðar og þegar þjóð er orðin svo klofin í sambúð sinni er nærri lagi að segja að borgararnir standi í stöðugu stríði. Það ríkir þó ekki borgarastyrjöld í orðsins fyllstu merkingu, hér er ekki boðið upp á vopnaglamur í líkingu við það sem tíðkast þar sem fleiri vopn eru í boði og lögleysan er meiri. Pottar og pönnur virðast duga landanum. Samt má ekki vanmeta fólk á barmi skilnaðar. Það á það til að grípa til örþrifaráða og þá er voðinn víð. Gott fólk getur gert vonða hluti þegar þannig liggur á því, ekki síst þegar það er orðið blint af heift. Og eitt er víst, það skortir ekki heiftina í íslenskt samfélag þessa dagana. Við skulum bara vona að það finnist ekki aftur sprengja fyrir utan Stjórnarráðið.

Stigmögnun orðanna

Til allrar hamingju á gagnrýnin enn sem komið er eingöngu heima í fjölmiðlum eða á Facebook-síðum landsmanna. Þó hafa valdamenn kvartað undan loftárásun, stöðugu umsátri fólks sem þeir kenna við stjórnarandstöðuna, hvort sem það á allt saman heima í stjórnámálflokki eða ekki. Það er gáleysislegt að misnota orð á þennan hátt og sæmir ekki þingmönnum og ráðherrum sem eiga að tala af ábyrgð. Það sem meira er, gáleysislegt tal býður hættunni heim því orð geta umbreytt veruleikanum. Fólk þykir að sér vegið og sumt hvert bregst við með því að nota ennþá heiftuðlegri orð í gagnrýni sinni á aðgerðir stjórnvalda í hinum ýmsu málum. Fyrst valdamenn leyfa sér að ýkja stórlega hlýtur almenningur að mega það líka. Þannig stigmagnast heiftin og að sögn ráðamanna skýtur „þetta fólk“ stöðugt á ríkisstjórnina svo undan sviður, miskunnarlaust í málflutningi sínum. Jafnvel er fólk sagt vera á móti aðgerðum valdamanna áður en það veit um hvað þær snúast.

Gagnrýnin fylgir djöbbinu

Ég skil þá, valdamennina, ég skil að þeir taki gagnrýni nærri sér. Ég er jú rithöfundur og maður tollir ekki lengi í því djöbbi nema læra að brynja sig fyrir gagnrýni.

Mjólkurcaffilepiandi ungskáldin læra upp úr tvítugu að það að gefa út bók er í senn sigur og skotleyfi. Um leið og þú gefur út bók er hverjum og einum frjálst að finna mynd af þér og bókinni þinni, skreyta hana með ísmeygilega háðskum texta, einni stjórn eða jafnvel hauskúpu og birta síðan á alheimsnetinu, í tilvísun á forsiðu dagblaðs eða í sjónvarpi allra landsmanna. Það er sárt að sitja undir harðri gagnrýni, tilfinningin rifjar upp martraðarkennd augnablik þegar einhverjum stríðnispúkanum tókst að kippa niður um mann buxunum í frímínútum í barnaskóla. Maður stendur berstrípaður fyrir framan alla og öllum er frjálst að hlæja.

Gagnrýnin fylgir djöbbinu, þannig er það nú bara. Ef maður ætlar á annað borð að tolla í því er fátt annað að gera en læra að taka gagnrýni. Svo er annað mál hvort maður er sammála gagnrýninni eða ekki. Bók er sjaldnast allra frekar en stjórnámáladurinn. Flestar bækur fá sitt lítið af hvoru í einhverri mynd, góðri og vondri gagnrýni, enda snúið að gera öllum til geðs, það getur rithöfundur ekki frekar en stjórnámáladur, hann fylgir jú sinni sýn og sínum sannleika. En stundum má græða eitthvað á ólíkum röddum, í veröld bókmenntanna og veröld lýðræðisins.

Ásjóna þjóðarinnar

Bæði rithöfundurinn og stjórnámáladurinn ráða örlögum persóna, munurinn er sá að rithöfundurinn sér með örlögum persóna, munurinn er sá að stjórnámáladurinn sér með örlögum persóna af holdi og blóði. Skáldskapur stjórnámálamannsins hefur margslungin áhrif á líf okkar allra og þá á ég ekki bara við lífskjör okkar; skatta, tolla og skuldir, laun og húsnæðiskjör, heilbrigðiskerfi, menntakerfi og félagslegt kerfi. Nei, ég á líka við það sem ófár skáldsögurnar fjalla um: siðferði, sjálfsmynd og gildismat.

Stjórnámálamenn vinna að málum eins og mannréttindamálum og umhverfismálum í nafni okkar – sem kennum okkur við íslensku þjóðina í árslok 2013. Að því leyti til er ríkisstjórnin þjóðin, rétt eins og ráðamenn voru ásjóna þjóðarinnar í seinni heimsstyrjöldinni þegar þeir sendu bón þess efnis að þeldökkir menn dveldu ekki með varnarliðinu á Íslandi. Talandi um seinni heimsstyrjöldina, ekki var nú tekið út með sældinni að vera Þjóðverji í eftiröldum hennar: ásjónur ráðamanna voru sem greyptar á ásjónu heillar þjóðar; þannig komst enginn Þjóðverji undan því að hafa verið Þjóðverji á tilteknu tímabili, sama hvað honum hafði fundist um stefnu valdamanna. Lengra nær samanburðurinn ekki, nasistatuggur eru þreytandi og engum til góða að kynda undir ýkta orðræðu. Það breytir því ekki að ríkisstjórn er ásjóna þjóðar og sameiningartákn.

Skömmin að vera Íslendingur

Þessar vikurnar líður varla sá dagur að maður gagnrýni ekki ríkisstjórnina. Ástæðan er ekki sú að ég sé svona góður hagfræðingur heldur er óþolandi mikill munur á því sem mér er

heilagt og sýnilegu gildismati valdamanna – sem tala í mínu nafni, íslenska borgarans. Ég skammast mín fyrir ásjónu Íslendingansins. Ég skammast mín fyrir augljósa misskiptingu auðs í samfélaginu, útlendingahræðslu áberandi stjórnámálanna, valdníðslu í nánast öllu því sem lýtur að náttúruvernd, boðaðan niðurskurð í eftirliti með fyrirburum og niðurrifsstarfsemi í stofnun sem á að heita útvarp allra landsmanna. En mest af öllu skammast ég mín fyrir skeytingarleysið sem yfirvöld – og þar með þjóðin – sýnir mörgu flóttafólki í neyð, kornabörnum jafnt sem fullorðnum, sem leitar hælís á Íslandi. Það er þessi skömm sem hleypir í mig kergju.

Ég fæddist ekki reið út í Framsóknarflokkinn eða Sjálfstæðisflokkinn, hvað þá Útlendingastofnun eða Framtíðartónlistina innanríkisráðuneytið. Nei, ólíkt því sem Sigmandur Davíð virðist stundum halda – að fólk í meintri stjórnarandstöðu gagnrýni einungis gagnrýninnar vegna – þá er fyllsta ástæða til gagnrýni, frá mínunum bæjardyrna séð. Og það veit hvert skáld, sem er ekki lengur ungskáld, að stundum var mest að græða á gagnrýnandanum þegar hann var hvað reiðastur.

Skömmin send þangað sem hún á heima

Það er hætt við að stjórnámálamennirnir hætti að hlusta þegar þeir sitja undir stöðugri gagnrýni, í andrúmslofti sem þeir skynja sem heiftuðugt. Einhverjir eru búnir að brynja sig með hroka, reiðubúnir að svara með útúrsnúningum og gagnarásum. Í slíku ástandi þarf almennur að horfa upp á karlmann fjarlægðan frá ólættri konu sem hann segir vera barnsmóður sína, án þess að vita hvort hann komi nokkur tímann til með að sjá hana aftur. Hvort hann fái yfir höfuð að sjá barnið sitt. Með þessum aðförum er heilbrigði móður og barns stefnt í voða, svo ekki sé minnst á heilsu föðurins. Það er gefinn skítur í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og snúið út úr Dyflinnarsamkomulaginu á niðingslegan hátt. Þetta gerist á sama tíma og innanríkisráðuneytið situr undir ásökunum um að hafa lekið viðkvæmum persónuupplýsingum um parið til valdra fjölmiðla, sem gæti verið glæpsamlegt athæfi.


Málmur er engin miskunn sýnd þar sem hún hefur verið í felum í von um að ná að sjá barnið (sem ég hefði skjálft gert í hæs sporum) en frá innanríkisráðuneytinu berst ekkert nema útúrsnúningar og loðin svör þegar hæstráðendur þar eru inntir svara um mögulega glæpsamlegt athæfi. Það á að senda skömmina þangað sem hún á heima: til innanríkisráðuneytisins.

Böns af sérhagsmunaseggjum

Að horfa upp á annað eins gerir mann reiðan. Skattar og skuldir blikna í samanburði við það að ráðamenn skuli leyfa sér að mála íslensku þjóðina upp sem samfélag gersneytt manna. Í almennilegu lýðræði rifast allir um peninga en þar er líka skapað rými fyrir þá sem fast á lokja. Í sögubókum um samtíðarfólk verður íslenska þjóðin í sæk ársins 2013 ekkert nema böns af sérhagsmunaseggjum. Við erum fólkið sem rak Jósef og kasólétta Maríu á dyr, sama þótt sitjandi ríkisstjórnarflokkar styðji þjóðkirkjuna með ráðum og dáð. Hróp okkar, sem viljum að Tony og Evelyn fái að búa á Íslandi með litla barninu sínu, eru því ekki bara gagnrýni, þau eru ákall. Svo við fáum lifað með okkur sjálfum.

Búsáhaldaþyngingin var ekki bara út af peningum, fólk greip til sinna ráða af því að þjóðarsálin hafði glutrað niður tilfinningunni fyrir heilbrigðu gildismati. Við höfðum treyst ráðamönnum fyrir gildismati okkar og þeir farið með það sömu leið og bankarnir með sparnaðinn. Það rétta reyndist rangt. Nú veit ég ekki hvað er rétt og hvað rangt í reglubókum innanríkisráðuneytisins – en ég veit að stundum er það rétta svo ofboðslega rangt. Stjórnámálamenn hafa orðspor þjóðarinnar í höndum sér og því verða þeir að hlusta þegar við segjum þeim hvað það er sem við viljum standa fyrir. Þeir geta sagt okkur að kreista budduna en þeir geta ekki sagt okkur að kyngja sjálfsvirðingunni. Sjálfsvirðingunni sem vilja standa fyrir mannúð og réttlæti, sama þótt þeir búi á eyju úti í ballarhafi og rífst alla daga. Ekkert er jú betur til þess fallið að grynna á heiftinni en að sýna örlæti. Sælla er að gefa en þiggja.

GLEÐILEG JÓL!



UM HÖFUNDINN

Auður Jónsdóttir er rithöfundur og hefur hlotið fjölda viðurkenninga og tilnefninga til verðlauna fyrir verk sín.



Deildu með
virkheiminum



Þing á leið í jólafrí

Huginn Freyr Þorsteinsson skrifar um samkomulag stjórnmálaflokka á Alþingi



Samkomulag náðist á Alþingi milli stjórnar og stjórnarandstöðu um afgreiðslu mála og tilhögun þingfunda fram að jólafrí þingsins. Með samkomulaginu gaf meirihlutinn eftir desember-uppbót handa atvinnulausum, komugjöld á sjúklinga og fjármuni í hin ýmsu verkefni er tengjast skapandi greinum. Áður hafði meirihlutinn fallið frá ákvörðun ríkisstjórnarinnar um niðurskurð á barnabótum og harkalegum niðurskurði í heilbrigðiskerfinu vegna harðrar andstöðu úr samfélaginu við þessar ráðstafanir. Breytingar sem hafa átt sér stað á fjárlagafrumvarpinu eru því viðamiklar enda var ljóst við framlagningu þess að aðgerðir á niðurskurðarhlið voru of umfangsmiklar og engin pólitísk samstaða myndi nást um þær. Markmið ríkisstjórnarinnar um hallalaus fjárlög næst að öllum líkindum ekki en óvissa er um tekjuöflun upp á rúmlega 20 milljarða króna í formi bankaskatts og breytinga á skuldabréfi til Seðlabankans. Eftir stendur líka illa ígrundaður flatur niðurskuður, sameining ýmissa stofnana í heilbrigðiskerfinu er í farvatninu, meiri niðurskurður á menntastofnanir, RÚV er í upplausn vegna niðurskurðar, skorið er niður til þróunaraðstoðar og fjöldi opinberra starfsmanna mun missa vinnu sína. Eftirköst fjárlagafrumvarpsins eiga eftir að birtast þjóðinni en hægt hefði verið að sleppa þeim ef vilji væri hjá meirihlutanum til að auka tekjuöflun ríkisins en ekki draga úr henni.

Málefnaleg stjórnarandstaða

Það er þó vissst fagnaðarefni að stjórnmálaflokkar á Alþingi nái samkomulag um störf sín. Slík vinnubrögð eru til þess fallin að auka virðingu þingsins, sem hefur verið í algjöru lágmarki. Núverandi stjórnarandstaða hefur greinilega ákveðið að taka ekki upp ósiði þeirrar stjórnarandstöðu sem var á síðasta kjörtímabili og reyna frekar að stuðla að sáttum ef það er í boði. Þá hefur stjórnarandstaðan leitast við að

vera málefnaleg. Eins og samkomulagið um þinglok sýnir einbeitir stjórnarandstaðan sér að því að ná árangri í þeim málefnum er flokkar hennar leggja áherslu á fremur en að ástunda skemmdarverk á störfum þingsins. Og þannig á þetta auðvitað að vera í ríkjum þar sem þingræði og lýðræðishefð ríkir. Þingstörf eiga að beinast að upplýstri umræðu um málefni og reyna með henni að upplýsa þingheim og almenning um þá kosti sem til staðar eru þannig að sem bestar ákvarðanir séu teknar. Alþingismenn eru fulltrúar borgaranna í löggjafarvinnu sinni. Aftur á móti getur stjórnarandstaðan spurt sig þeirrar spurningar hvort sú leið sem telst rétt út frá siðrænum

mælikvörðum um mikilvægi lýðræðis og upplýstrar umræðu sé endilega árangursrík í stjórnmálum.

„Þegar þingið er í uppnámi líta meirihlutflokkarnir ekki út fyrir að ráða við stöðuna og áhrifin inn í þingflokka stjórnarflokka eru meiri en margan grunar.“

Uppnámsstjórnmál

Á síðasta kjörtímabili fylgdi stjórnarandstaðan þeirri stefnu að reyna að skapa eins mikið uppnám og mögulegt væri í störfum þingsins. Þegar reynt var að ná samkomulagi við stjórnarandstöðuna passaði hún að hafa nógu mörg mál undir þannig að líkur á samkomulagi væru engar. Og jafnvel ef samkomulag náðist var stjórnarandstaðan fljót til að brigsla meirihlutanum um svik til að koma þingstörfum í uppnám. Þá voru stjórnarandstæðingar duglegir að átella vinnubrögð og skort á gagnsæi, ýja að óheildarleika ráðherra og á stundum landráðum. Málefni voru látin lönd og leið en þeim mun harðari persónuárasir urðu til að gera andrúmsloftið sem óbærilegast. Þannig hefði stjórnarandstaðan á síðasta kjörtímabili aldrei staðið að því samkomulagi um fjárlagafrumvarp sem nú var handsalað. Hún hefði tíundað að frumvarpið kom of seint fram og fundir fjárlaganefndar voru að tilefnislausu og ítrekað felldir niður. Bætist þar ofan á stríður straumur af vanhugsuðum yfirlýsingum formanns fjárlaganefndar um frumvarpið sjálft og „rangsannindi“ forsætisráðherra um niðurskurð á barnabótum. Þessu til viðbótar væri fjárlagafrumvarpið í fullkomnu uppnámi og ekkert samkomulag gæti náðst á meðan ríkisstjórnarflokkarnir væru ósamstíga um frumvarpið og forsætisráðherra færi með „rangsannindi“.

Frið eða ófrið um þingstörf?

Núverandi stjórnarandstöðu má þannig segja það til hróss að hún er ábyrg en það er ekki ávísun á árangur. Sú taktík sem stjórnarandstaðan á síðasta kjörtímabili keyrði er nefnilega árangursrík þó að hún sé óábyrg. Ástæðan er sú að það er alltaf meiri skaði fyrir ríkisstjórnarflokka að hafa þingið í upplausn en stjórnarandstöðu. Bjölluglaumur á Alþingi gefur ekki jákvæð skilaboð út í samfélagið. Þegar þingið er í uppnámi líta meirihlutflokkarnir ekki út fyrir að ráða við stöðuna og áhrifin inn í þingflokka stjórnarflokka eru meiri en margan grunar. Aftur á móti þegar ríkisstjórn nær samkomulagi við stjórnarandstöðuna þagnar bjallan á Alþingi og skýr skil verða á stjórnarandstöðu og stjórnar. Ríkisstjórn hirðir ávinningin af samkomulagi jafnvel þó að stjórnarandstaðan nái einhverjum sinna mála í gegn. Þetta vissu og fundu margir þeir þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar sem voru í stjórnarandstöðu á síðasta kjörtímabili. Af þeim ástæðum kusu þeir alltaf ófriðinn og að forðast að enda í samkomulagi. Hægt og bítandi er með slíkum aðferðum hægt að veikja verulega hvaða meirihluta sem er. Það er líka ástæða þess að nýi meirihlutinn á þingi leggur svo mikla áherslu á bætt og betri vinnubrögð á Alþingi. Hann veit sem er að ef áframhald yrði á subbuskapnum sem var á síðasta kjörtímabili myndi fljótlega hrikta í meirihluta sem skipaður er af reynslulitlum þingmönnum. Að gera Alþingi allt að því óstarfhæft telst ekki dygðug stjórnmál en núverandi stjórnarflokkar hikuðu ekki við að beita öllum meðulum til að ná sínum markmiðum fram. Nú handsöluðu þeir hins vegar samkomulag við stjórnarandstöðuna og mega sennilega teljast sáttir við sitt.



UM HÖFUNDINN
Huginn Freyr Þorsteinsson var aðstoðarmaður Steingríms J. Sigfússonar í ýmsum ráðuneytum á síðasta kjörtímabili. Hann er heimspekingur og aðjúnkt við Háskólann á Akureyri.

DÓMSALUR I

Réttarfarssektir – staðreyndir og spá

Þóra Hallgrímsdóttir veltir Al Thani-málinu fyrir sér

Í síðustu viku var kveðinn upp dómur í hinu altalaða Al Thani-máli. Það sem vakti sérstaka athygli varðandi málið var að héraðsdómarráðgjafi ákveði saka-málalaga nr. 88/2008 til að dæma tvo nafngreinda hæstaréttarlögmenn hvorn um sig til að greiða eina milljón króna í réttarfarssekt.

Lagaheimild til að dæma réttarfarssekt

Í XXXV. kafla sakamálalaga nr. 88/2008 kemur fram að dómari geti ákveðið af sjálfsdáðum sektir meðal annars á hendur ákæranda, verjanda eða réttargæslumanni í saka-máli. Í 223. gr. laganna eru tilgreindar nokkrar ástæður þessa.

Í 1. mgr. 223. gr. segir að ákveða megi ákæranda, verjanda eða réttargæslumanni sekt fyrir: a. að valda af ásetningi óþörfum drætti á máli, [...] b. að misbjóða virðingu dóms á annan hátt með framferði sínu í þinghaldi.

Ef brot eru smávægileg getur dómari ákveðið að víta þann brotlega í stað þess að gera honum réttarfarssekt. Það má því ætla að þegar réttarfarssektir eru dæmdar hafi brot verið meira en smávægileg.

Forsendur í Al Thani-málinu

Ástæða þess að fyrirverandi verjendur tveggja ákærðu í Al Thani-málinu voru dæmdir til greiðslu einnar milljónar króna réttarfarssektar er rökstudd í dómnum að því er virðist bæði með tilliti til a- og d-liðar 1. mgr. 223. gr. laga um meðferð sakamála.

Það sem verður að hafa í huga í málinu er að umræddir verjendur höfðu samþykkt hinn 17. desember 2012 að aðalmeðferð málsins færi fram 11. apríl 2013 eftir að dómari hafði haft samráð við þá sem og ákærvaldið um dagsetningu aðalmeðferðar. Það var síðan ekki fyrir en í þinghaldi hinn 7. mars 2013 sem umræddir tveir verjendur kröfðust þess að aðalmeðferð yrði frestað. Dómari hafnaði því með úrskurði sama dag. Hinn 25. mars 2013 kröfðust allir verjendur ákærðu í málinu þess að aðalmeðferð yrði frestað en þeirri kröfu var einnig hafnað með úrskurði daginn eftir, hinn 26. mars 2013.

Með réfi dagsettu 8. apríl 2013 til Héraðsdóms Reykjavíkur óskuðu sömu tveir verjendur og áður eftir því með bréfi til Héraðsdóms Reykjavíkur að þeir yrðu leystir undan verjendastörfum. Þeir tilkynntu einnig þá að

þeir myndu ekki mæta til boðaðrar aðalmeðferðar hinn 11. apríl 2013. Héraðsdómari hafnaði samdægurs kröfu verjendanna um að þeir yrðu leystir undan verjendastörfum en þegar ljóst var að þeir mættu ekki til aðalmeðferðar hinn 11. apríl 2013 var henni frestað, verjendurnir leystir formlega frá verjendastörfum og hinum ákærðu skipaðir nýir verjendur. Aðalmeðferð málsins fór fram 14. nóvember 2013.

Forsendur dómsins fyrir því að dæma umræddar réttarfarssektir voru fyrst og fremst þær að verjendur hefðu haft ríkulegt ráðrúm til að undirbúa vörn ákærðu með fullnægjandi hætti þegar aðalmeðferð átti að fara fram hinn 11. apríl 2013, en ákæra í málinu var gefin út 16. febrúar 2012 og ákvörðun

um tímasetningu aðalmeðferðar hafði verið tekin í desember 2012. Dómurinn telur að sú ákvörðun þeirra að segja sig frá málinu hafi valdið óþarfa drætti á málinu og það hafi farið gegn hagsmunum ákærðu (a-liður 1. mgr. 223. gr. laga um meðferð sakamála).

Einnig taldi dómurinn að sú háttsemi verjendanna að mæta ekki á dómþing við boðaða aðalmeðferð málsins hinn 11. apríl 2013, þegar dómari hafði synjað þeim þess að vera leystir undan verjendastörfum, hefði verið til þess fallin að misbjóða virðingu dómsins (d-liður 1. mgr. 223. gr. laga um meðferð sakamála). Verður að túlka orðalag dómsins þannig að það að mæta ekki til boðaðs þinghalds sé hægt að skilja sem framferði í þinghaldi í skilningi fyrrgreinds d-liðar 1. mgr. 223. gr., það framferði að mæta ekki. Hér verður að hafa í huga að um löngu boðaða aðalmeðferð var að ræða og það að segja sig frá máli þremur dögum fyrir og mæta svo ekki, þrátt fyrir að dómurinn hafi hafnað því að leysa verjendur frá störfum, sé til þess fallið að misbjóða virðingu dómsins.

Eldri dómur

Ákvæði sem þetta hefur verið í lögum um meðferð sakamála um langa hríð en athygli vekur að heimildinni hefur lítið verið beitt í gegnum tíðina. Í dómi Hæstaréttar frá 3. mars 1994 í máli nr. 435/1993 var farið fram á það að verjanda yrði gerð réttarfarssekt vegna tilefnislausrar áfrýjunar sakamáls. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að áfrýjun sakamálsins hefði verið tilefnislaus og hún hefði fylgt í kjölfar óþarfra réttarfarsflækja verjandans í málinu. Hins vegar þóttu ekki tilefni til að dæma réttarfarssekt heldur var lögmaðurinn víttur fyrir verjendastörfin. Verður að túlka þann dóm þannig að brot verjandans hafi því verið talin smávægileg.

Þegar lítið er nær í tíma er hægt að nefna dóm í máli Hæstaréttar nr. 318/2004 þar sem verjandi var dæmdur til að greiða 40.000 króna réttarfarssekt. Sú háttsemi sem hann sýndi við aðalmeðferð málsins fyrir héraðsdómi þótti fela í sér ósamlega framkomu í dómssal þar sem verjandinn hafði virt að vettugi ábendingar dómara um spurningar til vitna, hann greip ítrekað fram í fyrir vitnum og dómara, gerði dómara upp skoðanir og truflaði yfirheyrslur gagnaðila. Hæstiréttur staðfesti ákvörðun héraðsdómara um

réttarfarssekt eftir að dómari höfðu hlustað á hljóðupptöku úr réttarhaldinu og segir í dómi Hæstaréttar að verjandinn hafi sýnt réttinum fádæma óvirðingu með framkomu sinni.

Hæstiréttur dæmði einnig verjanda til að greiða réttarfarssekt á grundvelli 5. mgr. 223. gr. laga um meðferð sakamála í nýlegu máli nr. 712/2012 þar sem verjandi manns var talinn hafa kært gæsluvarðhaldsúrskurð að tilefnislausu. Erfitt er að sjá, í ljósi eldra dómafordæmis frá árinu 1994, skýr rök fyrir ákvörðun um réttarfarssekt en ekki vítum í máli nr. 712/2012. Þar er helst til þess litið að um var að ræða störf lögmanns þar sem lögmaðurinn gætti hagsmuna sakaðs manns sem hafði ítrekað verið dæmdur til gæsluvarðhalds-vistar. Í ljósi þess að gæsluvarðhaldsvist er þvingunarúrræði sem notað er við rannsókn mála og alla jafna áður en endanlegur dómur í málum fellur er um margt undarlegt að kæra slíks úrskurðar geti verið að öllu tilefnislaus. Þó verður að taka undir það mat Hæstaréttar að eðlilegt sé að færð séu rök fyrir því að þessi ákærðing sé með lögmaðurinn hafði áður verið varaður við (þó ekki víttur) með dómi réttarins í máli nr. 667/2012.

Réttarfarsleg meðferð málsins – geta menn varist réttarfarssekt?

Í sakamálalögum er gert ráð fyrir því að dómari ákveði réttarfarssektir af sjálfsdáðum. Ekki er því gerð krafa um að einhver aðila máls krefjist þess að ákveðinn einstaklingur verði dæmdur til réttarfarssektar. Það virðist þó vera hægt að gera kröfu um slíkt eins og kemur fram í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar frá árinu 1994. Einnig má leiða líkur að því að fulltrúi ákærvaldsins í Al Thani-málinu hafi vakið athygli dómara á möguleikum til að ákveða réttarfarssekt þegar hann mætti í aðalmeðferðar á boðuðu þinghaldi hinn 11. apríl 2013 og verjendur tveggja ákærðu mættu ekki til þinghaldsins.

Það að umræddir verjendur mættu ekki til þinghalds þennan dag þýðir að þeir gátu ekki gert sérstakar athugasemdir við það að fulltrúi ákærvaldsins veki athygli á umræddu lagaákvæði um réttarfarssektir. Í ljósi orðalags 223. gr. laga um meðferð sakamála er ekki gert ráð fyrir því að málflytningur fari sérstaklega fram um skilyrði til greiðslu réttarfarssektar. Hafa umræddir verjendur gagnrýnt það opinberlega en líta verður til þess að sjónarmið þeirra um frestun aðalmeðferðar málsins höfðu áður komið fram bæði í þinghaldi 7. og 25. mars 2013, sem og í bréfi þeirra til réttarins 8. apríl 2013. Auk þess má benda á verjendurnir hafa farið yfir þær ástæður á sérstökum fundi með fjölmiðlum eftir að þeir sögðu sig frá málinu.

Virðing fyrir réttinum og hagsmunir skjólstaðinga

Af framangreindum dómum, þar sem ákvæðum sakamálalaga um réttarfarssektir hefur verið beitt, má sjá að lögmenn verða í störfum sínum sem verjendur að gæta þess að sýna réttinum virðingu á meðan þeir vinna að hagsmunum skjólstaðinga sinna. Það er ekki óeðlileg krafa í réttarríki. Umræddur dómur bíður áfrýjunar og verður spennandi að sjá hvernig Hæstiréttur fer með umræddar réttarfarssektir í ljósi takmarkaðra fordæma réttarins.

Það er erfitt að líta fram hjá því að þessu dráttur varð á málsmeðferð vegna þess að verjendur sögðu sig frá málinu og það láði áhrif á alla ákærðu. Það er líka erfitt að líta fram hjá því að umræddir verjendur mættu ekki til boðaðs þinghalds eftir að því var hafnað að þeir gætu sagt sig frá málinu. Fóru þeir þannig í bága við ákvörðun réttarins. Virtu hana að vettugi. Þegar lítið er til þess stranga mats sem Hæstiréttur beitti í máli nr. 712/2012 ætla ég að opinbera þá spá mína að líkur séu meiri en minni á því að Hæstiréttur staðfesti ákvörðun héraðsdóms um réttarfarssektir í Al Thani-málinu. Athugið, þetta er spá. Ekki dómur um efnisatriði. Ég er bara að spá.



UM HÖFUNDINN

Þóra Hallgrímsdóttir er lögfræðingur og starfar sem sérfræðingur og kennari í Háskólanum í Reykjavík.

„Ef brot eru smávægileg getur dómari ákveðið að víta þann brotlega í stað þess að gera honum réttarfarssekt. Það má því ætla að þegar réttarfarssektir eru dæmdar hafi brot verið meira en smávægileg.“

„Í sakamálalögum er gert ráð fyrir því að dómari ákveði réttarfarssektir af sjálfsdáðum. Ekki er því gerð krafa um að einhver aðila máls krefjist þess að ákveðinn einstaklingur verði dæmdur til réttarfarssektar.“



Raunverulegt val um búsetuform?

Guðmundur Guðmundsson skrifar um húsnæðismál



Eitt er það loforð sem ríkisstjórnin verður seint sökuð um að svikja. Það er loforð sem enginn hirti um að lofa fyrir kosningar. Enginn lofaði leigjendum að sitja við sama borð og eigendur húsnæðis þegar kæmi að leiðréttingu aldarinnar.

Því skulu nú bæði skuldugir og efnaðir íbúðareigendur skipta með sér ígildi 80 milljarða króna ásamt möguleika á skattfrjálsri niðurgreiðslu húsnæðisskulda.

Engin samsvarandi upphæð er eyrnamerkt leigjendum. Þeim er vissulega boðið að safna skattfrjálst fyrir eigin íbúð. Þetta úrræði er vita þýðingarlaust fyrir þá verst settu á leigumarkaði. Þetta fólk er ekki aflögufært, leigan gleypir mestöll mánaðarlaun þeirra.

Stærsta vandamálið á leigumarkaði er mikill skortur á húsnæði. Hundruð umsækjenda slást um hverja íbúð.

Annað rökrétt mótvægi við afskriftir eigenda væri því að stjórnvöld keyptu eða byggðu leiguhúsnæði sem vantar svo sárlega. Fræðilega séð samsvara 80 milljarðar til dæmis 3.200 leigubúðum á 25 milljónir hver. Sá íbúðafjöldi gæti komið leigumarkaði höfuðborgarinnar á réttan kjöl. Stjórnvöld hafa samt engin áform um byggingu leigubúða þó að margsannað sé að þær vantar í þúsundatali á þéttbýlissvæðum landsins.

Kosningabaráttan snerist um forsendubrest

Kosningabaráttan snerist eingöngu um leiðréttingu á forsendubresti þeirra sem keyptu húsnæði á ákveðnu tímabili. Leigjendur voru varla nefndir á nafn í aðdraganda kosninganna. Þó urðu þeir fyrir enn meiri forsendubresti en eigendur. Leigjendur greiða brestinn með álagningu gegnum stökkbreytta leigu og óboðlegt ástand á leigumarkaði. Undanfarnin misseri hefur húsaleiga hækkað upp undir 10% á ári. Eðlileg samsvörun 80 milljarða til eigenda húsnæðis væri t.d. hækkan húsaleigubóta til leigjenda húsnæðis.

Fyrir kosningar var nánast ekkert rætt um framtíðarskipan húsnæðismála í landinu. Í núverandi stjórnarsáttmála er því fátt sem hönd á festir um húsnæðismál. Þó er þar athyglisverð setning fyrir leigjendur:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á að landsmenn búi við öryggi í húsnæðismálum í samræmi við þarfir hvers og eins og hafi raunverulegt val um búsetuform.“

Hvar er áherslan á valkostinn (leigumarkaðinn)? Hvað fá leigjendur í sinn hlut af 80 milljarða aðgerðapakka stjórnarinnar til eigenda húsnæðis?

Íbúðir auðar í húsnæðiseklu

Lánastofnunum er áfram leyft að láta íbúðir standa auðar mitt í húsnæðiseklu. Öfgafullt dæmi um þetta er á Suðurnesjum. Þar hafa íbúðir í heilum blokkum staðið auðar árum saman í hundraðatali, sumar allt frá árinu 2006. Á sama tíma ríkir umsátursástand á leigumarkaði svæðisins. Þessum valkosti er þannig meðvitað haldið frá almenningi. Fjölmíðlar og stjórnvöld innsigla meðvirkni sína með þögn og aðgerðaleysi. Skattlagning eða skylda að hafa íbúa í tömu húsnæði væri annars tiltölulega einföld ef

stjórnsýslan kveikti á perunni. Í Danmörku geta til dæmis sveitarfélög skakkað leikinn og leigt út húsnæði sem annars stæði autt á kostnað almenningshagsmuna.

Í miðborginni er fjárfestingarfélagum leyft að láta gamminn geisa á fasteignamarkaði. Atburðarásin minnir á Matadorspilið fyrir hrun þegar félag með Group í nafninu keyrðu upp verð á eigin hlutabréfum með kaupum hvert í öðru. Eftir hrun hefur sama sviðsmynd færst yfir á fasteignamarkað miðbæjarins. Þar kaupa þessi félag íbúðir í hundraðatali og tjakka með handafli upp verð og leigu. Hringrásin lokast í gamalkunnum tilkynningum greiningardeilda um hækkandi húsnæðisverð.

Þessi félag eru að hluta fjármögnuð af lífeyrissjóðum. Þetta er þversagnakennd staðreynd, því sömu sjóðir vilja hvorki byggja, eiga né reka leiguhúsnæði fyrir almenning. Þeir eru hins vegar vel viðræðuhæfir um uppbyggingu leiguhúsnæðis í öðru formi (hótela) fyrir erlenda ferðamenn.

Óheilbrigður hiti eykst

Þátttaka lífeyrissjóðanna í fasteignabraski eykur á óheilbrigðan hita í gróðurhúsi gjaldeyrishaftanna. Hvernig má annars vera að fasteignaverð hækki stöðugt í landi með allt niður um sig efnahagslega, þar sem kaupmáttur almennings stefnir lóðrétt niður á við?

Í umræðunni um húsnæðismál er talað um tvö tæknileg gjaldþrot; annars vegar Íbúðalánasjóð og svo 5.000 heimili sem mara í skuldakafi og teljast tæknilega gjaldþrota. Þessar tvær hliðar á sömu mynt eru í raun birtingarmynd gjaldþrota stefnu í húsnæðismálum hérlendis.

Um þessar mundir á einn af stærri bjarnargreiðum þjóðarinnar tíu ára afmæli. Þessi xBjarnargreiði var kosningaloforð um 100% húsnæðislán. Atburðarásin í kjölfarið blés upp eina af stærstu fasteignabólum Vesturlanda. Þessi bóla lifir enn í vellystingum á leigumarkaðnum. Tíminn mun leiða í ljós hvort kosningaloforð nr. 2 fari til sögunnar sem hið fyrra.

Leigumarkaður er öskuhaugur

Frá hruni hafa stjórnvöld vafið hundraða milljarða plástri um séríslensku séreignastefnuna. Ruðningsáhrif eftirgjafa til íbúðaeigenda hingað til eru neikvæð áhrif á valkostinn við þessa stefnu. Leigumarkaðurinn í dag er ljósár frá því að vera raunverulegur

valkostur í húsnæðismálum samkvæmt stjórnarsáttmálanum. Leigumarkaðurinn er öskuhaugur íslenskra húsnæðismála. Annað nafn er opinber skammkrókur skuldugra á vanskilaskrá.


Íbúðareigendur virðast almennt ánægðir með aðgerðir stjórnarinnar. Eins og í atriði úr kúrekamynd steig svar Íslands við John Wayne á svið og skar þorpsbúana niður úr skuldasnöru skammstöfunarskúrkanna. Í lokaatriðinu hrakti hann bankaræningjana á flóttu, skipti þýfinu á milli húseigenda í þorpinu og reið inn í sólarlagið. Eða var þetta kannski bara „show business“?

Og leigjendur? Þeir voru ekki með í ofangreindri sviðsmynd og ekki heldur í veruleikanum.

Hvorki fyrir né eftir kosningar hafa vangaveltur sérfræðingahópsins snúist um hvað yrði um leigjendur. Engin opinber könnun hefur spurt leigjendur hvað þeim finnst og hversu ánægðir þeir eru með aðgerðir ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum. Enn síður er spurt hvaða áhrif aðgerðirnar muni hafa á stöðu tugi þúsunda leigjenda.

Þetta er gott dæmi um hvar leigjendur eru staddir í goggunarröð íslenskra stjórnsmála. Allt bendir til að þessi aðgerð muni ásamt íslenskum kerfisvillum hækka húsnæðiskostnað leigjenda. Eins og flestar aðgerðir fyrir íbúðareigendur eftir hrun. Spurningin er bara hversu mikið.

Er það raunverulegur valkostur um búsetuform?



UM HÖFUNDINN
Guðmundur Guðmundsson er sjómaður

„Í miðborginni er fjárfestingarfélagum leyft að láta gamminn geisa á fasteignamarkaði. Atburðarásin minnir á Matadorspilið fyrir hrun þegar félag með Group í nafninu keyrðu upp verð á eigin hlutabréfum með kaupum hvert í öðru.“

„Eins og í atriði úr kúrekamynd steig svar Íslands við John Wayne á svið og skar þorpsbúana niður úr skuldasnöru skammstöfunarskúrkanna.“

Tími kærleikans

Árni Svanur Daníelsson og Kristín Þórunn Tómasdóttir skrifa um jólin.



Eru jólin tími pakkanna? Það finnst mörgum, bæði ungum og öldnum, ekki síst á þessum tíma þegar liðið er á aðventuna og landsmenn hafa eytt ótal stundum í að hugsa um hvað eigi að gefa þeim sem skipta okkur máli, finna út hvar við gerum bestu kaupin, kaupa og pakka inn og skreyta. Pakkastússið allt er mikilvægur hluti af jólahaldinu.

Milljónir

Kvikmyndin Milljónir eftir verðlaunaleikstjórann Danny Boyle er ein eftirminnilegasta jólamynd síðari ára. Þetta er dæmisaga um tvo bræður sem finna tösku fulla af peningum. Sagan gerist í Englandi, nokkrum dögum áður en skipta á um mynt í landinu. Bræðurnir vilja ekki skila peningunum því þeir óttast að enginn trúi því að þeir hafi fundið þá á víðavangi. Þeir vita líka að peningarnir verða verðlausir eftir nokkra daga.

Hvað er til ráða? Eldri bróðirinn vill eyða þeim í sjálfan sig. Hann vill kaupa sér fallega hluti og spreða peningum til að stækka sjálfur. Yngri bróðirinn vill eyða þeim í fátæka og láta þannig gott af sér leiða.

Milljónir gerist á aðventu og jólum. Hún spyr spurningar sem er kannski ein af lykilsurningum vestræns samfélags: Hvað eigum við að gera við peningana okkar? Eyða í okkur sjálf eða aðra? Er það ekki spurningin sem brennur á svo mörgum þegar rætt er um fjárlög og þróunaraðstoð, framlög til Landspítala, starfsemi hjálpar-

samtaka, menntakerfið okkar? Er það ekki spurningin sem býr að baki þegar við erum hvött til að kaupa Gjöf sem gefur af Hjálparstarfi kirkjunnar eða Sanna gjöf af UNICEF? Þegar okkur er boðið að skilja aukapakka eftir undir jólatrénu í Kringlunni?

Dýrmætustu pakkarnir

Í jólaljóðinu „Ég þigg þennan pakka“ eftir Berg Þór Ingólfsson sem kom út á jólaplötunni Eitthvað fallett á dögnum er sungið um þá pakka sem hjartanu eru kærastir:

Pakkinn sem er
næst hjartanu á mér
dálítið beyglaður
lætur lítið yfir sér
en hann er frá þér
og merki þess ber
með smáum fingrum fönðraður
af kærleikanum ger.

Um jólin er gott að staldra við, horfa til baka og íhuga hvaða pakkar það eru sem við höfum gefið eða þegið sem hafa skilið eftir sig dýpstu sporin í hjarta og huga. Það eru ekki endilega dýrustu pakkarnir heldur fremur þeir sem við völdum af kostgæfni og bjuggum til sjálf með eigin huga eða höndum. Dýrmætastir eru jafnvel þeir sem fóru til þess sem við þekktum aldrei, en þurfti mest á kærleiksgjöfinni að halda og þáði hana fyrir milli-göngu hjálpar-samtaka.

Jólin eru tími kærleikans. Kærleika til þeirra sem standa okkur næst og kærleika til þeirra sem við höfum aldrei þekkt. Fyrir það standa pakkarnir sem við gefum og tökum við þessi jól.

Gleðileg jól.



UM HÖFUNDANA

Árni Svanur Daníelsson er verkefnastjóri hjá Þjóðkirkjunni. Kristín Þórunn Tómasdóttir er héraðsprestur á Kjalarnesi. Þau eru hjón.

Gefðu gjöf sem skiptir máli

Sannar gjafir UNICEF eru lífsnauðsynleg hjálpargögn fyrir bágstödd börn. Gjöfunum sem þú kaupir í vefverslun UNICEF er dreift til barna og fjölskyldna þeirra í samfélögum þar sem þörfin er mest.

Pegar þú kaupir sanna gjöf gleður þú bæði viðtakanda gjafabréfsins og börn sem eiga um sárt að binda. Í gjafaúrvali okkar er að finna nauðsynleg hjálpargögn sem UNICEF dreifir til barna um víða veröld, svo sem bóluefni, skólagögn, næringu og lyf.



www.sannargjafir.is

unicef 